



Heimsping IFJ í Moskvu

Tjáningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindi án takmarkana. Þannig segir dómstóllinn í síðri dómi að fyrirmæli um að blaðamaður upplýsi hver sé heimildarmaður aðrásögn stríði gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu nema önnur veigameiri sjónarmið eigi við. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun.

Í Goodwin gegn úrskurðinum að brotið hefði verið gegn 10. grein sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin, ungur blaðamaður fyrir tímaritið Engineer, sem fjallar um viðskiptamálefni, fékk í hendur trúnaðarskyldu þess að fyrirtækið Tetra væri í kröggum. Fyrirtækið fór fyrir rétt í því augnamið að tryggja að trúnaðarmaður hefði lekið þessum upplýsing-



Bloggið á Íslandi

- **Aðalfundur** Blaðamannafélags Íslands

- **Tjáningarfrelsið** staðfest í Strassborg

- **Úrskurðir** siðanefndar

fyrsta ástefnu í Fjölmáttar kynningarfundum á tólf tölum hlutverk og skyldur öðla í tjáningarfrelsi í samfélagi. Irlesir minnti á að ölmíðlum bættu endi á samfélag og tryggja að mflytjendur og öðru innviðahöpur eri gífurlegt hatt um trúnaði og öðru mfélagshópum. Ástefni á að fjölmólar gegndu aðhaldni þerki gagnvart örnvöldum fyrir hlutverk flytjenda eins g annarra samfélagshópa þótt raddir þeirra væru ekki eins háværar og annarra í samfélaginu. Þriðji tok fram að forðast að dreifa andfélagslegum áróðri kyn-



EFNI BLAÐSINS



Heimsping IFJ

- 4** Þóra Kristín Ásgeirsdóttir:
Hvað er að gerast í Rússlandi?
- 9** Birgir Guðmundsson:
IFJ og umburðarlyndi
- 11** Birgir Guðmundsson:
Innflytjendaumræðan

Félagið

- 16** Aðalfundur
Félagsstarfið í máli og myndum

Umræðan

- 19** Geir A. Guðsteinsson:
Freelanceblaðamennska
- 20** Hrafnhildur Reykjalín Vigfúsdóttir
og Íris Dröfn Hafberg
Bloggheimurinn á Íslandi

Úrskurðir

- 24** Úrskurðir siðanefndar

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða Bí **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00-15.00.

Starfsmenn Bí í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,

framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókari.



Forsíðumyndin

Ný forusta tók við í Alþjóðasambandi blaðamanna á þingi þess í Moskvu á dögnum. Nýkjörnir fulltrúar í forustunni munu gegna ábyrgðarstöðum sínum í þrjú ár. Nýr formaður IFJ er Bretinn Jim Boumelha, sem hefur verið forseti Blaðamannasambands Bretlands og Írlands. Hann sést hér í ræðustól á Moskvuþinginu.

Sem fyrsti varaforseti Alþjóðasamtakanna var kjörinn Osvaldo Urriolabeitia frá fjölmiðlasamtökum Argentínu. Aðrir varaforsetar voru kjörnir Younousse Mjahed frá Marokkó og Khady Cisse frá Senegal. Gjaldkeri var hins vegar kosinn Þjóðverjinn Uli Rimmel frá þýska blaðamannasambandinu.

Fréttir í þágu lýðræðis

Heimsping Alþjóðasambands blaðamanna var haldið í Moskvu um síðustu mánaðamót. Þar hittust fulltrúar blaðamannafélaga frá meira en 100 löndum, þar á meðal frá Íslandi.

Blaðamannafélag Íslands er aðili að Alþjóðasambandi blaðamanna, IFJ, og einnig svæðisfélagi IFJ, Evrópusambandi blaðamanna eða EFJ. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður BÍ, var einmitt kosin í varastjórn EFJ á síðasta aðalfundi þess og var hún ásamt Hjálmari Jónssyni, framkvæmdastjóra BÍ, fulltrúi Íslands í Moskvu.

Blaðamennska er að taka miklum breytingum um þessar mundir og því var ákveðið að þingið myndi einbeita sér að mikilvægi sjálfstæðrar blaðamennsku á tímum hnattvæðingar og samþjöppunar og varð slagorðið eða yfirskriftin „Að skrifa fréttir í þágu lýðræðisins“, fyrir valinu sem kjörorð þingsins.

Heimsping IFJ sem haldið er á þriggja ára fresti er jafnan einn mikilvægasti viðburður í starfi samtakanna, og að þessu sinni komu leiðtogar blaðamannafélaga saman til þess að stilla saman strengi í baráttunni gegn ofsóknum og drápum á blaðamönnum víðs vegar í heiminum og til að krefjast afnáms hvers kyns hafta og takmarkana á frelsi fjölmiðla. Ákvörðunin um að halda heimsping um einmitt þessi mál í Moskvu var engin tilviljun, því eins og fram kemur í merkilegri grein Þóru Kristínar hér í blaðinu er ástandið í Rússlandi mjög alvarlegt. Lærdómur rússneskra kollega á ríkulegt erindi við okkur, því hann sýnir hvernig mál geta þróast sé fagstétt blaðamanna ekki á verði. Sú reynsla undirstrikar rækilega að þegar vegið er að fjölmiðlum og starfi blaðamanna er verið að vega að lýðræðinu sjálfu, gera það innantómt og merkingarlaust.

Christopher Warren, fráfaraandi forseti IFJ, sagði einmitt í upphafi þingsins að eitt mikilvægasta hlutverk blaðamanna væri að skrifa fréttir til að lýðræðið geti virkað – enda sé það sé einmitt það, sem blaðamenn geri best. „Á þessu þingi gefst tækifæri til að rökræða þau vandamál og þær áskoranir sem blaðamann samtímans standa frammi fyrir á tímum stórstígra breytinga í fjölmiðlum.“ Þrjú lykilmál voru í brennidepli á þinginu sem öll tengjast meginyfirskriftinni um að skrifa fréttir í þágu lýðræðisins. Í fyrsta lagi voru það ofsóknir og dráp á blaðamönnum. Í öðru lagi uppbygging gæðafjölmiðlunar á tímum fjölmenningar og barátta gegn þröngsýni. Í þriðja lagi var það framtíð blaðamennskunnar og sómasamleg vinnuskilyrði fyrir blaðamenn.

Í þessu tölublaði Blaðamannsins verður talsvert horft til þessara atriða. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fjallar um stöðu mála í Rússlandi, ofsóknir gegn blaðamönnum, bága stöðu þeirra, vinnuáðstæður og faglega meðvitund. Þá eru í þessu tölublaði grein um sjónarmið Alþjóða blaðamannasambandsins varðandi umburðarlyndi í fjölmenningsamfélögum og þá siðferðilegu afstöðu sem blaðamenn þurfa að taka til þess að geta skrifað fréttir í þágu lýðræðisins. Í framhaldi af því er birt grein sem fjallar um hvernig þessum hlutum er háttað hér á landi og svo virðist sem meðalhóf ríki í umfjöllun íslenskra blaðamanna á þessu sviði.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, formaður
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður
Arndís Þorgeirsdóttir, gjaldkeri
Sigurður Már Jónsson, ritari
Svavar Halldórsson
Elva Björk Sverrisdóttir
Svanborg Sigmarisdóttir

Varamenn:

Albert Örn Eypórsson
Sólveig Bergmann
Þorvaldur Örn Kristmundsson

Samningaráð:

Arna Schram, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir,
Hjálmar Jónsson, Mbl., Lillý Valgerður Pétursdóttir,
Svanborg Sigmarisdóttir, Ásta Andrésdóttir,
og Þorvaldur Ö. Kristmundsson

Varamenn:

Egill Ólafsson, Fríða Björnsdóttir,
og Jakob Bjarnar Grétarsson

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Kristín Þorsteinsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúdvík Geirsson,
og Sigríður Árnadóttir

Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,
Lillý Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,
Eiríkur St. Eiríksson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
og Hjálmar Jónsson

Fréttablaðið:

Kristín Eva Þórhallsdóttir

Stöð 2:

Hrafnhildur Harðardóttir, Sólveig Kr. Bergmann
og Lillý Valgerður Pétursdóttir

Blaðið:

Ingólfur Júlíusson

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Birtingur:

Ásta Andrésdóttir

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúdvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson, lögma., formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrv. fréttastjóri
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðanefndar H.Í:

Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Þór Jónsson



Hvað er að gerast í Rússlandi?

– Fréttir af heimspingi Alþjóðasambandi blaðamanna í Moskvu



Eitir
Þóru Kristínu
Ásgeirsdóttur

„Ofbeldi og yfirgangur gegn blaða- og fjölmiðlafólki á alltaf rætur í tilhneigingu stjórnmalamanna, embættismanna og markaðsafla til reyna að stjórna opinberri umræðu.“ Þessi fullyrðing Aidans White, framkvæmdastjóra Alþjóðasambands blaðamanna, lýsir umræðunni á heimspingi sambandsins sem var haldið nýlega í

Moskvu. Staðarvalið var engin tilviljun, staðfest er að minnst tvö hundruð og fjórtán blaða og fréttamenn hafa verið drepnir vegna starfa sinna í Rússlandi frá árinu 1993. Morðin eru sjaldnast rannsökuð og enda nær aldrei með sakfellingu eða einungis í um fimm af hundraði allra tilfella.

„Að skrifa fréttir fyrir lýðræðið,“ var yfirskrift heimspingsins sem varð fyrir stöðugum truflunum af hálfu stjórnvalda meðan á því stóð. Háttsettir stjórn mála- og embættismenn mættu ekki til að halda löngu auglýsta fyrirlestra og það var varla ótrúleg tilviljun að rússnesku blaðamannasamtökunum hefði verið hótað á fyrsta degi þingsins, að þau myndu missa húsnæði sitt, stóra byggingu sem þau hafa haft til umræða áratugum saman og stendur í nýja Arbathverfinu í miðborg Moskvu. Víða í Austur-Evrópu

hafa samtök blaða- og fréttamanna slík hús til umræða og hafa þar skrifstofur og samkomusali auk þess að leigja út aðstöðu fyrir veitingarekstur eða skrifstofur.

Engin virðing fyrir blaðamennsku

Nadezhda Azhgikhina, ritari rússnesku blaðamannasamtakanna, segir að vandamálið sé jafn stórt í Rússlandi og raun ber vitni þar sem almenningur hafi misst virðingu fyrir blaðamönnum og fjölmiðlum. Ótrúlegt en satt, þá hafi almenningur borið meiri virðingu fyrir þessari stétt fólks meðan kommúnistastjórnin var og hét. Þrátt fyrir kúgun stjórnvalda í Kreml hafi fjölmiðlar fjallað af meiri nærgætni um ýmis mál sem varði almenning, virðingu fólks og siðgæði en þeir geri í dag. Frétta- og blaðamenn hafi ekki allir verið leigubý og í raun stundum verið gagnrýnir á stjórnvöld, en lagað sig að aðstæðum og talað undir rós án þess að fara beint að efninu. „Þetta var í raun einkenni á rússneskri menningu sem er stundum erfitt fyrir útlendinga að skilja sem ekki hafa búið við einræði. Fjölmiðlar fengu síðan visst frelsi með perestroikunni undir Gorbatsjov og á síðustu árum kommúnistastjórnarinnar. Fólk treysti því að blaðamenn gerðu sitt besta þótt kringumstæðurnar væru erfiðar.“

Markaðurinn versti ritskoðarinn

Og Nadezhda heldur áfram og fullyrðir blákalt að markaðurinn sé í raun versti ritskoðarinn í Rússlandi nútímans. Hann hafi ekki áhuga á góðri blaðamennsku og vönduðu efni heldur eingöngu efni sem laði að auglýsendur. Hún segir að þetta hafi komið



Elena Larionova hjá Barents Press í Murmansk.



Heimspingið var auglýst með risastórum borðum sem hengdir voru utan á fundarbygginguna.

rússneskum blaðamönnum í opna skjöldu. Þeir hafi haft rómantískar hugmyndir um markaðinn, lífað í draumaheimi ímyndana og erikítýpa og verið auðsveipir gagnvart breytingum. Þeir hafi uppgötvað of seint að markaðurinn hafi í raun einnig verið harðskeyttur og grimmur andstæðingur þeirra sem vildu skrifa samkvæmt sannfæringu sinni, skrifa fyrir lýðræðið og vanda til verka. Rússneskir blaðamenn hafi ekki haft neina leiðsögn inn í nýja tíma. Stéttarfélag blaðamanna hafi verið í molum, enda jafnan í fjötrum stjórnvalda. Þau hafi í raun verið handónýtt. Niðurstaðan hafi verið andlegt og hugmyndafræðilegt gjaldþrot. Almennu siðferði hafi hnignað og blaðamenn ekki verið þar undanþekning.

Fyrirtæki greiða blaðamönnum

Laun rússneskra fjölmiðlamanna í

Moskvu og öðrum stórborgum geta verið allt frá fimmtíu þúsundum að einni milljón króna á mánuði. Í smærri héruðum fara þau allt niður í tuttugu og fimm þúsund á mánuði. Margir blaðamenn eru því á fleiri en einum fjölmiðli samtímis eða vinna margvíslega aðra aukavinnu, til að mynda við almannatengsl fyrir fyrirtæki. Þá tíðkast það sumstaðar að blaðamenn fá greitt frá fyrirtækjum fyrir að skrifa um þau í fjölmiðla, stundum samkvæmt sérstökum auglýsingasamningum. Nad-ezhda segir rússnesku blaðamannasamtökin líta á þetta sem mútur og reyna af alefli að berjast gegn þessu. Þá sé stór hluti blaðamanna utan við kjarasamninga og geti því ekki leitað réttar síns þegar á þeim sé brotið.

Líf blaðamanna ódýrt

En hvernig tengist þetta morðum á meira en tvö hundruð blaðamönnum

gæti einhver spurt og hvað veldur því að þessi morð eru ekki rannsökuð eða brotamennirnir sóttir til saka? Vandinn virðist svo stór að það er engu líkara en að um faraldur sé að ræða. Nad-ezhda segir einkum þrjá þætti koma til. „Í fyrsta lagi ráða lögregla og dómskerfi ekki við hlutverk sitt í Rússlandi og glæpasamtök vaða uppi. Í öðru lagi skortir stjórnvöld pólitískan vilja til að breyta þessu þar sem yfirvöld hafa oft engan annan efstán á lista grundaðra en sig sjálf. Margir landstjórar í héruðum Rússlands kunna ekki að taka gagnrýni og hafa óhreint mjöl í pokahorninu. Landið skortir raunverulega lýðræðishefð og leti veldur því að það breytist seint. Í þriðja lagi hefur almenningur glatað virðingu fyrir fjölmiðlum og blaðamönnum og þrýstir því ekki á um breytingar.“ Með öðrum orðum er líf blaðamanna orðið ódýrt í Rússlandi.



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, höfundur greinarinnar, er varaformaður Bláðamannafélags Íslands og sat þingið í Moskvu fyrir Íslands hönd ásamt Hjálmari Jónssyni, framkvæmdastjóra félagsins.

Ekki bara stjórnarfarinu að kenna

Af öllum stöðum í heiminum er hættulegast fyrir blaðamenn að starfa í hinu stríðshrjáða landi Írak. Þar næst er hættulegast að starfa í Rússlandi.

Nadezhda segir engu líkara en stjórnvöld skilji ekki hversu alvarlegt málið sé fyrir framtíð Rússlands sem lýðræðisríkis. Það sé þó ekki eingöngu hægt að skella skuldinni á stjórnvöld né heldur á skipulögð glæpasamtök. Þarna leiki markaðs-sjónarmiðin stórt hlutverk. Gerðar séu kröfur um mikið vinnuframlag fyrir lág laun og reynslumestu blaðamönnunum og þeim sem geri mestar kröfur um gæði eða gagnrýni stjórnendur fjölmiðla sé ýtt til hliðar og jafnvel í burtu. Ungu fólki með litla reynslu, sem láti betur að stjórn eigenda og ritstjóra, sé síðan att út í hættuleg verkefni, án þess að það hafi reynslu, þekkingu eða stuðning til þess að leysa þau.

Morðin af ólífum toga

Þannig eru málin sem upp koma mjög mismunandi. Þekktir fjölmiðlamenn í Rússlandi hafa verið skotnir úti á götu eins og hundar í kjölfar

óþægilegrar gagnrýni á stjórnvöld, eins og blaðakonan Anna Politkovskaya, sem var myrt í október í fyrra en hún gagnrýndi Pútínstjórnina og skrifaði um málefni Tjetseníu í óþökk stjórnvalda. Sjónvarpsmaðurinn Vlad Listyev var skotinn í bakið árið 1995 þar sem hann var að ganga inn um dyrnar heima hjá sér, eftir að hafa gagnrýnt opinberlega auglýsingasamninga sjónvarpsstöðvarinnar sem hann vann fyrir. En Nadezhda nefnir dæmi um unga stúlku sem var falið af ritstjóra sínum að rannsaka mansalsmál, sem teygði anga sína allt frá Rússlandi til arabalandanna. Hún fór undir fölsku flaggi inn í vændishringinn og lenti í ótrúlegum hremmingum þar sem henni var nauðgað og misþyrmt hrottalega og í raun ótrúlegt að hún skyldi sleppa lifandi. „Þannig hafa margir blaðamenn látið lífið fyrir heimsku yfirmanna þeirra og mál þeirra aldrei komist í há máli,“ segir Nadezhda. „Það að þessi stúlka skyldi sleppa lifandi og segja sögu sína var í raun þörf áminning um ábyrgð yfirmanna og eigenda á þessari ógæfuþróun í Rússlandi. Það eru í raun allt of margir sem ekki hafa verið jafn heppnir.“

Eigendur og ritstjórn handgengnir stjórnvöldum

Igor Jakovenko, framkvæmdastjóri rússnesku blaðamannasamtakanna, hefur rannsakað þróunina á rússneskum fjölmiðlamarkaði. Þær rannsóknir leiða í ljós að á fáeinum árum hafa stjórnvöld í Kreml sölsað undir sig allar stærstu sjónvarpsstöðvar Rússlands. Það leiddi aftur til þess að þekktir og vinsælir sjónvarpsmenn, sem þóttu gagnrýnir, hafa horfið af skjánum en í þeirra stað eru komnir spunarokkar og áróðursmenn með beinar tengingar við Kreml. Stór og virt dagblöð og tímarit hafa einnig skipt um eigendur og hafa nú stjórnendur sem eru handgengnir stjórnvöldum. Til að hafa áhorfendur góða hefur dagskrárgerð sjónvarpsins í meiri mæli tekið mið af skemmtanabransanum og auglýsingum.

„Samkvæmt skoðanakönnunum telur meirihluti rússnesks almennings samkvæmisljónið Kseniu Sobchak og Andrei Malakhov sem stjórnar skemmtipætti, meðal bestu blaðamanna Rússlands,“ segir Igor í samantekt sinni sem hann kallar „Starfsgrein í molum“. Igor segir að þannig beri öll fjölmiðlaumræða æ meiri keim af sjónvarpi. Sjónvarpsdagskráin sé víðlesnasta blaðaútgáfan meðan aðrir fjölmiðlar reyna að halda í með því að ræða sjónvarpsdagskrá gær dagsins og sjónvarpsdagskrá morgundagsins í sínum miðlum. Hann segir eitt einkenni þessarar þróunar að starf ritstjóra hafi sett niður. Þeir séu núna meira og minna fulltrúar eigenda og útgefenda sem séu síðan handgengnir stjórnvöldum. Eigendur móti svo stefnuna bak við tjöldin. Þessi þverrandi áhrif raunverulegra ritstjóra og blaðamanna hafi síðan gengisfellt starfið, sem og láglaunastefna og brot á kjarasamningum.

Konur í meirihluta

Blaðamennska í Rússlandi hefur á síðustu árum breyst í kvennastarf. Um áttatíu prósent allra blaðamanna eru konur, samkvæmt upplýsingum frá rússneska blaðamannasambandinu. Því veldur ekki framsækni og ævintýraþrá kvenna nema að takmörkuðu leyti. Lág laun eru líklegri til að leika stærra hlutverk í þessari þróun, sem



Frá ljósmyndasýningu um rússneska blaðamenn sem hafa verið myrtir á síðustu árum.

og áhætta samfara starfinu, óryggi á vinnumarkaði og þverrandi virðing fyrir fjölmiðlum. Blaðamennska er fimm ára háskólanám í Rússlandi að loknu prófi úr framhaldsskóla en þrjátíu prósent blaðamanna þar hafa hefðbundna blaðamannamenntun. Í rannsókn meðal nemenda á fyrsta ári, sem gerð var fyrir nokkrum árum, kom fram að níutíu prósent nemendanna höfðu háar hugmyndir um starfið og miklar væntingar. Þegar sömu nemendur voru spurðir tveimur árum seinna hafði dæmið snúist við. Innan við þrjátíu prósent vildu verða blaðamenn. Meira en helmingur vildi hins vegar starfa að almannatengslum hjá stórfyrirtækjum

Erfitt að snúa við

Elena Larionova hjá Barents Press í

Murmansk segir erfitt fyrir blaðamenn í Rússlandi að öðlast aftur virðingu og trúnað almennings eftir allt sem á undan er gengið. Þeir hafi verið hluti af áróðursvél stjórnvalda undir kommúnistastjórninni og þrátt fyrir að hafa rétt aðeins úr kútnum undir lok Sovét-tímabilsins hafi þeir verið vanmáttugir að takast á við þær gríðarlegu þjóðfélagsbreytingar sem hafi orðið. „Stjórnvöld og olígardarnir, nýríku Rússarnir sem auðguðust á einkavæðingu helstu auðlinda landsins, hafa með sér ákveðið þegjandi samkomulag um hvernig eigi að setja fram hlutina og margir blaðamenn hafa fallið í þá gryfju að skrifa launaðar áróðursgreinar sem er ekki skárra hlutskipti en í tíð kommúnista.“ Elena segir alþjóðlegt samstarf skipta öllu máli fyrir rússneska blaðamenn, einkum samskipti við þau lönd sem standi nærri lýð-

ræðishefðum í blaðamennsku. Þannig skipti það rússneska fjölmiðlamenn gríðarlega miklu máli að þing Alþjóða blaðamannasambandsins hafi verið haldið í Rússlandi og fulltrúar pressunnar alls staðar að úr heiminum hafi hlustað á umræður um kreppu fjölmiðlanna þar.

Blaðamenn að vakna til vitundar

Elena segir að margir rússneskir blaðamenn hafi einfaldlega ekki vitað um þá vegg sem þurfi að aðskilja auglýsingar og efni. Þeir hafi komið auga á möguleikana í markaðshagkerfinu en ekki skilið þær hættur sem þar eru fyrir óvilhalla og gagnrýna blaðamennsku. „Það var ekki bara að rússneskir blaðamenn væru illa upplýstir heldur voru einfaldlega skýrar kröfur frá ritstjórum um að menn fyndu



fyrirtæki eða samtök til að borga laun fyrir þáttagerð og þetta þótti sjálfsagt. Þá eru dæmi um að menn geti keypt þætti á sjónvarps- og útvarpsstöðvum þar sem fréttar- og þáttagerðarfólk er þá í þjónustuhlutverkinu og gætir þess að spyrja einungis spurninga þegar svörin geta varpað ljóma á viðmælandann. Menn eru að vakna til vitundar en bæði seint og illa.“

Meira af jákvæðum fréttum

„Listir og vísindi hafa í gegnum aldirnar þurft að verjast ágangi; stjórn-málamanna, viðskipta og kirkju,“ segir Igor Yakovenko. „Þetta er slagur sem fjölmiðlarnir þurfa líka að taka.“ Auglýsingar eru einn af hornsteinum frjálsrar blaðamennsku. En auglýsingar hafa skotið fjölmiðlum ref fyrir rass og stjórna nú fjölmiðlum en ekki öfugt. „Hundurinn dillar ekki skottinu. Skottið dillar hundinum,“ segir Igor. Fjölmiðlar í Rússlandi voru ef svo má segja algerlega herteknir af áróðri stjórnvalda í kringum árið 2000. Igor segir að því

hafi verið fylgt úr hlaði með gagnrýni ráðamanna á Jeltsintímabilið í Rússlandi þar sem fjölmiðlar hafi verið yfirbyrmandi neikvæðir að mati þeirra. „Meira af jákvæðum og góðum fréttum,“ sögðu stjórnvöld meðan þau smelltu handjárnnum á fjölmiðlana og innleiddu raunverulega ritskoðun.

Á stórrí rússneskri fréttastöð í útvarpi, sem einn af flokksmönnum Pútíns veitir forstöðu, voru settar reglur um að helmingur allra fréttarætti að vera jákvæður. Kynntur var til sögunnar svokallaður svartur listi með fjölmiðlamönnum, menntamönnum og fræðimönnum á sviði þjóðmála sem þóttu neikvæðir og óæskilegir á öldum ljósvakans. Á sama tíma sækir kirkjan í sig veðrið og ber fyrir sig að það þurfi að stjórna umræðunni til að vernda tilfinningar sanntúaðra.“

Ráðist að rótum vandans

„Tilvistarkreppa rússneskra fjölmiðla er þó ekki einungis stjórnálmálmönnum, viðskiptalífínu, auglýsingum,

áróðri eða kirkjunni að kenna,“ segir Igor Yakovenko. „Það þýðir þó ekki að menn eigi að hætta að þrýsta á ráðamenn um að vernda blaðamennsku og blaðamenn. Rússneskir blaðamenn verða hins vegar að horfa inn á við og viðurkenna að blaðamennskan brást þeirri skyldu sinni að verjast ágangi þessara aflu; brást trausti almennings.“ Hann bendir á að þegar vinsælasta og virtasta sjónvarpsstöð Rússlands var eyðilögð fyrir opnum tjöldum í Moskvu, hafi einungis þrjátíu þúsund af tíu milljónum allra íbúa borgarinnar farið út á götu og mótmælt ofbeldinu. „Á sama tíma reyndi tékkneska þingið að setja af sjónvarpsstjóra vinsællar stöðvar í Tékklandi til að koma fyrir öðrum stjórnanda sem þótti hliðhollari ráðamönnum. Þá streymdu nær allir íbúar Prag í miðborgina til að mótmæla og fallið var frá þessum áformum. Það er því ekki nóg að kenna öðrum um.“

Myndir tóku: ÞKÁ og HJ



Nadezhda Azhgikhina, ritari rússnesku blaðamannasamtakanna.

IFJ hvetur til siðlegrar blaðamennsku og umburðarlyndis

Samfélagsleg og siðferðileg ábyrgð blaðamanna hefur á umliðnum misserum fengið vaxandi athygli. Klofn-ingur samfélaga upp í aðskildar fylkingar með nýjum átakalínum, ólíku gildismati og trú og fjölbreyttum menningarhefðum hefur dregið fram og undirstrikað mikilvægi fjölmiðla í almennt umræðu.

Uppbyggingar- og samheldnishlutverk fjölmiðla fyrir lýðræði og fjölbreytt samfélag verður mikilvægara þegar sundrung, tortryggni, ótti og skortur á umburðarlyndi verða einkennandi í umræðunni. Að rísa undir þeirri ábyrgð sem í þessu hlutverki felst er því ein af helstu áskorunum sem blaðamenn samtímans standa frammi fyrir. Þessu hafa samtök blaðamanna víða um heim gert sér grein fyrir og það er í þessu ljósi sem skoða ber yfirskrift nýafstaðins heimspings Alþjóðasambands blaðamanna (IFJ) í Moskvu, en hún var „Að segja fréttir fyrir lýðræðið“. Eitt af þremur meginviðfangsefnum þess heimspings var einmitt að fjalla um samfélagslega og siðferðilega ábyrgð blaðamanna og skyldu þeirra til að beita sér fyrir skilningi milli manna og umburðarlyndi. Eitt af grunnskjöllum heimspingsins ber enda yfirskriftina:

„*Siðleg blaðamennska gegn skorti á umburðarlyndi.*“ (*Ethical Journalism to Combat Intolerance.*)

Breyttur heimur

Í þessu skjali frá IFJ er reifuð sú breytta staða, sem blaðamenn standa frammi fyrir og felst í því að til viðbótar því að þurfa að segja fréttir og greina frá flóknum og vandasömum fyrirbærum og atburðum, þá þurfi þeir um leið að segja frá og tjá miklar félagslegar

breytingar sem eru að verða á samfélögum sem þeir lifa og starfa í. Víða sé félagslegt umhverfi að breytast úr samstæðu og jafnvel einsleitu mynstri yfir í fjölbreytni með marglitum félagslegum einkennum hvað varðar trú, menningu, uppruna og gildismat.



Af þessum ástæðum hefur Alþjóðasamband blaðamanna gengist fyrir því að stofna til umræðu um það hvernig samþætta megi siðferðilega ábyrgð faglegri gæðablaðamennsku þannig að blaðamannastéttin, hvar sem er í heiminum og á hvaða menningarsvæði sem er, geti með samræmdri röddu og sameiginlegum skilningi mætt tilraunum yfirvalda til skerðingar á tjáningarfrelsi eða afskipta af störfum blaðamanna.

Enn hefur ekki orðið mikill árangur af þeirri umræðu, meðal annars vegna þess hve fáir stórir fjölmiðlar hafa tekið á við þær breytingar sem orðið hafa. Í stað þess að færa umræðuna á hærra plan, þar sem fordómar víkja fyrir þekkingu og hvatt er til skilnings milli samfélaga hefur allt of stór hluti stóru fjölmiðlanna í raun ýtt undir kynþáttahatur og skort á umburðarlyndi, segir IFJ. „Fjölmargir fjölmiðlar halda fast í gamaldags hugmyndir og staðalmyndir af „innflytjendum og útlendingum“, sem aðkomumönnum sem komi með framandi hugmyndir og

menningarhefðir inn í gistilandið. Fordómar af þessu tagi ganga gegn jákvæðum upplýsingum, t.d. frá Evrópu, um að fleiri – ekki færri – innflytjenda sé þörf frá nágrannaríkjunum vegna skorts á vinnuafli og til að viðhalda lífskjörum í samfélagi sem eldist hratt og þar sem náttúruleg fjölgun er lítil.

Vandamálið er að of fáir blaðamenn gera sér far um að endurspeglja jákvæðu hliðarnar á breyttu landslagi kynþátta, stjórnmála og menningar. Sumir fjölmiðlar hafa því miður tekið þann pól í hæðina að hvetja til fordóma og hlutdrægni frekar en að vinna gegn slíku. Fyrir vikið hefur komið fram talsvert af ónákvæmu, ögrandi og einhliða efni sem hefur ýtt undir þá sem tileinkað hafa sér hræðsluáróður og „popúlískt“ útlendingahatur í óþoli sínu gagnvart öðrum kynþáttum og skorti á umburðarlyndi.“ (*Ethical Journalism to Combat Intolerance bls. 9.*)

Ekki opinbert eftirlit!

En þrátt fyrir að blaðamenn og fjölmiðlar hafi margir hverjir ekki brugðist við áskoruninni með þeim hætti sem IFJ og aðildarfélög þess hafa lagt til, þá eru þessir aðilar þó sammála um að einhvers konar ytri stýring á umræðunni og umfjölluninni sé ekki til bóta. Þannig hafa IFJ og aðildarfélög þess vísað með mjög afgerandi hætti á bug öllum hugmyndum um höft eða takmörk á fjölmiðlafrelsi og eru algerlega andsnúin því að settar verði einhverjar opinberar reglur, lög eða viðmiðunarskrár í þessum efnum. Stjórnmálamenn og yfirvöld eigi einfaldlega ekki að vera með fingurna í málefnum fjölmiðlanna.



Frá heimspinginu í Moskvu.

Í ráðstefnuskjalinu um „Siðlega blaðamennsku gegn skorti á umburðarlyndi“ er vakin athygli á því að áhersla á siðferðileg og samfélagsleg sjónarmið sé ekki ný í umræðunni. Þannig er bent á að í siðaskrá IFJ sé vikið að þessu og sömu gildi séu áreittuð þar. Í siðaskránni segir m.a.: „Blaðamenn skulu vera meðvitaðir um hættuna sem felst í því að umfjölun fjölmiðla getur aukið mismunun í samfélaginu. Þeim ber því að gera það sem í þeirra valdi stendur til að forðast að stuðla að mismunun á grundvelli kynþáttar, kynhneigðar, tungumáls, trúar, stjórnmála eða annarra skoðana, eða á grundvelli þjóðernis eða félagslegs uppruna.“ (*Ethical Journalism to Combat Intolerance bls. 9.*)

Leiðir til úrbóta

Það liggur því fyrir mjög ákveðin og skýr siðferðileg yfirlýsing af hálfu Alþjóðasambands blaðamanna um að það sé beinlínis eitt af hlutverkum blaðamanna að tileinka sér og stuðla að umburðarlyndi og draga úr mismunun almennt í samfélaginu. Þetta hlutverk vill IFJ rækja meðal annars með því að leggja áherslu á eftirfarandi fimm atriði:

- Að leggja áherslu á umræður um „sjálfstjórnun“ stéttarinnar á þessum málum til þess að tryggj sé að litið sé á hugmyndina sem tryggingu fyrir ritstjórnarlegu sjálfstæði, en ekki sem einhverja útgáfu af „sjálfritskoðun“.

- Að hvetja blaðamenn til að vera vel upplýstir og koma þannig í veg fyrir að þeir verði notaðir af óforskömmuðum stjórnmálamönnum eða ófgaliði.
- Að tryggja óhlutdrægni og að grundvallarreglur siðlegrar blaðamennsku verði notaðar þegar verið er að fjalla um glæpamál, innflytjendamála, samfélagsleg samskipti fólks, trúarskoðanir og hryðjuverk, sem allt eru eldfim mál á tímum sem einkennast af óöryggi og ótta meðal almennings.
- Að taka gagnýtt skef í starfsaðferðum og vinnsluferlum ritstjórna, sem stuðla að því að auka gæði og umburðarlyndi innan fjölmiðlanna – þar á meðal með því að fá til starfa inn á ritstjórnir og fréttastofur fulltrúa frá minnihlutahópum.
- Að stuðla að samræðu um þessi mál milli blaðamanna og annarra borgaralegra hópa og stefnumarkandi leiðtoga, án þess þó að gefa eftir eða gengisfella á nokkurn hátt hugmyndina um ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Alþjóðleg „siðavefsíða“

Á heimspinginu í Moskvu var jafnframt kynnt nýtt átak á vegum IFJ, sem fengið hefur nafnið „Átak um siðlega blaðamennsku“.

Markmið átaksins er fyrst og fremst að stuðla að umræðu um sið-

ferðilegar skyldur blaðamanna varðandi umburðarlyndi og fordómaleysi og reyna að auka meðvitund og skilning. Að færa saman blaða- og fréttamenn, útgefendur og ritstjóra til þess að til að standa vörð um grundvallaratriði fjölmiðlafrelsis, sjálfstæðrar ritstjórnarstefnu og gæða í blaðamennsku.

Átakið byggir á þremur grundvallaratriðum gæðablaðamennsku: virðingu fyrir sannleikanum; ritstjórnarlegu sjálfstæði; og nauðsyninni að valda sem minnstum skaða eða sársauka.

Hugmyndin er að útfæra þetta átak sem eins konar „siðanefndarvettvang“ án þess þó að farið sé í að fella úrskurði eða þess háttar. Fylgst verður með því hvort og í hve miklum mæli er verið að brjóta siðaskrá IFJ og slík dæmi tekin til umræðu og skoðunar á sérstakri heimasíðu átaksins.

Auk þess að safna saman upplýsingum á þessari vefsíðu um brot gegn alþjóðlegum siðareglum þá er hugmyndin að þar verði bent á leiðir til að gera betur og þannig stuðla að gæðablaðamennsku. Vonast IFJ til þess að með þessu átaki sé komið fram fyrirbæri, sem verði viðvarandi áminning til blaðamanna heimsins um mikilvægi vandaðrar blaðamennsku, þar sem nákvæmni í upplýsingaöflun, hlutlægni, og sjálfstæði er beitt til að upplýsa almenning um flókinn og margslunginn samfélagsveruleika dagsins í dag.

-BG

Harðduglegir Pólverjar harðvítugir Litháar og negri í Pistilfirði

– Útlendingar á Íslandi í umfjöllun fjölmiðla



Eftir
Birgi Guðmundsson

Blöndun menningarstrauma og fjölmennung er nú daglegur veruleiki samfélaga sem fyrir aðeins nokkrum áratugum voru einsleit hvað varðar uppruna fólks, menningu og trú. Átak og ákall Alþjóðasambands blaðamanna um „siðlega blaðamennsku í þágu umburðarlyndis“, sem fram kom á nýlegu heimsþingi í Moskvu, er staðfesting á því hversu brýn það telur þessi mál vera. Jafnframt er átakið vitnisburður um að alþjóðleg fagstétt blaðamanna viðurkennir siðferðilega ábyrgð sína á að vinna gegn fordómum og mismunun gagnvart minnihlutahópum. Þetta átak Alþjóðasambands blaðamanna er líka merkilegt fyrir það hversu afgerandi yfirlýsing það er um að blaðamenn eigi að taka afstöðu – að þeir taki afstöðu með umburðarlyndi, manngildi og grundvallar borgaralegum réttindum allra manna.

Þrátt fyrir að fjölmiðlar vilji endurspeglar, eigi að endurspeglar og endur-

spegli í raun þann samfélagsveruleika sem þeir starfa í, þá er fjölmiðlaveruleikinn þó ætíð sýndarveruleiki, sem er búinn til úr umsköpun og túlkun fjölmiðlafólks. Þetta fólk umskapar veruleikann, velur og hafnar fyrirbærum þannig að umfjöllunin passi inn í þá miðla sem verið er að vinna fyrir í það og það skiptið. Það er á grundvelli þessarar lykilstöðu sem afstaða fjölmiðlafólks er svo mikilvæg – þau grundvallargildi sem fjölmiðlafólki byggir túlkun sína á ráða miklu um þann fjölmiðlaveruleika – sem almenningur fær að sjá og skynja.

Í ráðstefnuskjali um Siðlega blaðamennsku frá heimsþingi IFJ fyrir nokkrum vikum eru dregin fram nokkur atriði sem sérstaklega er mikilvægt að leggja áherslu á í þessu siðferðilega átaki. Meðal þess sem þar er nefnt varðandi innflytjendur og fjölmennungu er:

- 1) Að blaðamenn séu upplýstir til að koma í veg fyrir að óforskammaðir öfgamenn og kynþáttahatarar geti ráðið ferðinni í umræðunni.
- 2) Að tryggja þurfi að óhlutrægni og grundvallarreglur siðlegrar blaðamennsku verði notaðar þegar fjallað er um glæpamál, innflytjendamála, samfélagsleg samskipti fólks, trúarskoðanir og hryðjuverk.
- 3) Að hagnýt skref verði tekin í starfsaðferðum og vinnsluferlum ritstjórna, skref sem stuðli að því að auka

gæði og umburðarlyndi innan fjölmiðlanna – þar á meðal með því að fá til starfa inni á ritstjórnir og fréttastofur fulltrúa frá minnihlutahópum.

Staðan á Íslandi

Í ljósi þessa er áhugavert að kanna hver staða þessara mála sé hér á landi. Hvernig er umræðan í íslenskum fjölmiðlum um innflytjendur? Endurspeglar hún upplýsta fagstétt blaðamanna og jafnvægi í umræðunni? Hvernig er fjallað um innflytjendur í tengslum við viðkvæm mál, s.s. glæpi og trúmál? Eru dregnar upp staðalmyndir af þeim á einhvern hátt, eða fylgja blaðamenn grundvallarboðorðum siðaskrár IFJ um að ala ekki á mismunun, en berjast gegn henni? Hver er staðan varðandi hagnýtar lausnir, eru innflytjendur kerfisbundið inni á ritstjórnnum fjölmiðla – og hver er afstaða íslenskra blaðamanna til slíkra tillagna?

Umfjöllun íslenskra fjölmiðla um málefni innflytjenda hefur verið kortlögð fyrir árið 2006 af Fjölmiðlavaktinni. (Fjölmiðlavaktin apríl 2007). Það var gert að beiðni félagsmálaráðuneytisins en málaflókkurinn heyrir undir valdsvið þess og er hægt að sjá rannsóknarskýrsluna í heild sinni á heimasíðu ráðuneytisins. Þá gerði höfundur þessarar greinar könnun um viðhorf blaðamanna til umfjöllunar um útlendinga á Íslandi í máli síðastliðnum. En áður en



gerð er stuttlega grein fyrir niðurstöðum þessara athugana er rétt að draga fram að almennt má gera ráð fyrir að um þrenns konar umfjöllun um útlendinga á Íslandi sé yfirleitt að ræða.

Þrenns konar umfjöllun

Í fyrsta lagi getur það verið umfjöllun sem byggir á því að útlendingar séu framandi og forvitnilegir, en sú umfjöllun snertir þá ekki daglegt líf Íslendinga og skiptir ekki höfuð máli fyrir samfélagið og félagsleg samskipti. Dæmi um þetta er skemmtileg frétt úr Degi frá 1977 þar sem þriggja dálka fyrir sögn á baksiðu var svona: „Negri í Þistilfirði“. Fréttin fjallaði um vetrarmann á Gunnarsstöðum sem kominn var frá Afríku að kynna sér landbúnaðarstörf á Íslandi. Var vetrarmaðurinn óvanur snjó og því velt upp hvort kynni hans af snjó myndu gagnast honum í afrísku landbúnaðarumhverfi. Í þessari frétt eru hvorki vaktar upp neikvæðar eða jákvæðar tilfinningar eða viðhorf gagnvart vetrarmanninum. Hann er einfaldlega forvitnilegur.

Í öðru lagi getur umfjöllun um útlendinga verið mannlífsfréttir af fólki sem kryddar tilveruna og „gerir gagn“ í íslensku þjóðlífi. Þetta eru þá fréttir um tiltekna hópa fólks sem tengjast daglegu lífi og skipta máli fyrir hversdagslífi og samfélag. Hér væri þá um fréttir að ræða, sem ýttu undir jákvæðar staðalímyndir af tilteknum hópum. Þólfverjar á Íslandi virðast t.d. oft fá nokkuð jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum – „harðduglegir Þólfverjar“. Fréttir af Þólfverjum í íslenskum fjölmiðlum voru samkvæmt athugun Fjölmiðlavaktarinnar í yfirgnæfandi meirihluta tilfella líklegar til að vekja upp „jákvæð“ viðhorf. Í tveimur tilfellum var um „neikvæðar“ fréttir að ræða og þá þess eðlis að

verið væri að hlunnfara þá sem verkamenn. (Fjölmiðlavaktin apríl 2007).

Þólfverjar á Íslandi eru stærsti hópur innflytjenda og víða að vinna störf sem Íslendingar vilja ekki vinna.

Í þriðja lagi geta fréttir af tilteknum hópum útlendinga verið þess eðlis að þær ýta undir neikvæðar staðalmyndir. Þetta gæti gerst ef hópurinn kemur endurtekið fyrir í fréttum um vafasamt athæfi eða óæskilegt, t.d. ef hann er tengdur glæpastarfsemi í lögreglufréttum. Dæmi um þetta er e.t.v. tilhneiging sem hefur komið fram gagnvart Litháum, sem fyrir vikið þykja jafnvel vera varasamir – „hinir harðvítugu Litháar“. Fréttir af Litháum voru í athugun Fjölmiðlavaktarinnar sjaldan eða aldrei jákvæðar, en oft neikvæðar. Áberandi eru tengsl Litháa við fréttir af afbrot-

umræðu um innflytjendur eða fólki, sem kemur til landsins til að setjast hér að og svo hins vegar umræðu um erlent vinnuafli, sem kemur tímabundið til landsins í atvinnuskyni.

Umfjöllunin 2006

Áður nefnd könnun Fjölmiðlavaktarinnar byggir á þessari skiptingu og skoðar hvernig umfjöllun fjölmiðlanna, prent og ljósvaka, var á árinu 2006. Samkvæmt úttektinni var umfjöllun fjölmiðla um erlent launafólk og innflytjendur nokkuð jöfn allt árið 2006 nema í maí og nóvember þegar hún jókst mjög mikið, sérstaklega í nóvember.


Samantektin náði til 1.323 fréttagreina um innflytjendur á Íslandi ann-

ars vegar og hins vegar um erlent vinnuafli úr helstu dagblöðum og aðalfréttatímum ljósvakamiðla.

Aukningin í maí helgast m.a. af umræðum um frjálsa för launafólks til og frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Hins vegar gegnir öðru máli með aukninguna í nóvember. Aukningin helgaðist einkum

af mikilli stjórn mála umræðu sem spannst af gagnrýni þingmanna Frjálslynda flokksins á „gegndarlaus innflæði á erlendu vinnuafli“ og grein Jóns Magnússonar í Frjálslynda flokknum í Bláinu undir yfirskriftinni „Ísland fyrir Íslendinga?“

Rannsakendur lögðu mat á hvort umfjöllunin hafi verið jákvæð, hlutlaus eða neikvæð um innflytjendur/erlent vinnuafli á tilteknu tímabili. Umfjöllun var metin jákvæð ef rannsakandinn taldi að hún skapaði jákvætt viðhorf hjá lesendum eða áhorfendum, varðandi umfjöllun um innflytjendur/erlent vinnuafli á Íslandi. Hann skoðaði hana út frá því hvort greinin eða fréttin væri líkleg til að ýta undir jákvæðari mynd



Mynd 1

málum eða lögreglu- og dómsmálum, t.d. skipulagða glæpastarfsemi frá Litháen, „litháensku Mafíuna“. (Fjölmiðlavaktin apríl 2007). Þá ýtti líkfundarmálið, sem hófst 2004 og varð mjög áberandi lengi en þar komu Litháar við sögu, talsvert undir þessa staðalmynd.

Það eru tveir síðari flokkarnir, sem skipta mestu máli í tengslum við það átak fyrir síðlegri blaðamensku gegn hleypidómum, sem Alþjóðasamband blaðamanna hefur kallað eftir. Þetta eru flokkarnir þar sem útlendingarnir eru orðnir raunverulegur hluti af viðkomandi samfélagi og tilvist þeirra hefur áhrif á daglegt líf. Þessari umræðu má skipta í tvennt: Annars vegar

viðkomandi viðfangsefna, í hugum lesenda, hlustenda og áhorfenda.

Niðurstöður greiningarinnar sýna að rúmur helmingur heildarumfjöllunarinnar um innflytjendur (56,8%) er hlutlaus og er hvorki talinn skapa jákvætt né neikvætt viðhorf í garð innflytjenda. Jákvæð umfjöllun nemur 25,5% prósentum (mjög jákvætt 11,1%, frekar jákvætt 14,1%) og neikvæð 18 prósentum (mjög neikvæð 5,3%, frekar neikvæð 14,1%).

Jafnvægi – meðalhóf

Það kemur sem sé í ljós að yfirgnæfandi meirihluti umræðunnar í fjölmiðlum – þar með talið fréttamat – dregur hvorki fram jákvæðar né neikvæðar myndir af erlendu fólki á Íslandi. Vissulega gefur ákveðinn hluti umfjöllunarinnar jákvæða eða neikvæða mynd – sem má búast við þar sem umræðan snýst að hluta um að fjalla um vandamál enda vandamál fréttæm. Það er því áhugavert að sjá að í heildina virðist fjölmiðlaumfjöllunin vera í nokkuð góðu jafnvægi hér á landi. Stærstur hluti hennar er hlutlaus og telja verður óeðlilegt ef ekki fylgdi með einhver umfjöllun líka, sem mælist jákvæð eða neikvæð á þessa mælikvarða. Spurningin sem þá þarf að spyrja snýr að því hvar ástæður þessa jafnvægis í fjölmiðlaveruleikanum liggja. Af hverju er þetta í lagi? Í aðalatriðum er hægt að bjóða fram tvær skýringar:

Í fyrsta lagi: Umsköpun, túlkun og tjáning veruleikans í stærri og faglegri fjölmiðlum lýtur ákveðnum reglum og eftirliti sem stuðlar að því að búa til jafnvægi og meðalhóf í umfjölluninni. Þetta mætti kalla faglegt eftirlit blaðamannastéttarinnar.

Í öðru lagi: Viðhorf fjölmiðlamanna stuðla að meðalhófi.


Faglegt eftirlit

Lítum fyrst á faglegt eftirlit stéttarinnar eða regluverkið sem líklegt er að stuðli að því að tryggja jafnvægi í umfjölluninni. Þar má greina fjögur atriði:

A. Faglegir staðlar á fjölmiðlunum:

Á flestum stærri miðlum eru ákveðnir staðlar og verklagsreglur sem farið er eftir. Þetta eru hlutir eins og

Umfjöllun um fólk af erlendum uppruna á Íslandi er viðkvæm og blaðamenn þurfa að sýna meiri aðgæslu í slíkri umfjöllun en um mörg önnur mál



Mynd II

virðing fyrir óhlutdrægni, að gildisdómum blaðamanns sé haldið utan fréttu, en fréttir sagðar af skoðunum annarra og staðreyndum; almenn velsæmismörk eru virt; innra eftirlit yfirmanna er til staðar.

B. Siðareglur hér og víða um heim:

Í flestum siðareglum blaðamannasamtaka er að finna formlegar reglur um að ekki skuli nefna trú, kynþátt, þjóðerni o.s.frv. í umfjöllun nema það sé mikilvægt fyrir samhengi umfjöllunarinnar. Þetta er í samræmi við það sem segir í skjali heimspings IFJ um Siðlega blaðamennsku gegn skorti á umburðarlyndi. Hér á landi er þessi regla ekki sett formlega inn í siðareglur en úrskurðir siðanefndar hafa tekið mið af henni í túlkun á gr. 3 í reglum.

C. Jafnræðisregla stjórnarskrár:

Almennt er einfaldlega óheimilt að mismuna fólki samkvæmt 65.gr. stjórnarskrárinnar.

D. 233. gr. hegningarlaga:

Samkvæmt þessari grein hegningarlaga er hreinlega bannað fara með háð, róg, smánun eða ógnun við fólk á grunni þjóðernis, litarháttar, kynþáttar o.s.frv.

Gera verður ráð fyrir að þessi atriði í sameiningu stuðli að því að halda umræðunni um útlendinga á Íslandi í jafnvægi. En í því sambandi er jafnframt fróðlegt að skoða sjónarmið eða viðhorf blaðamanna sjálfra, þess fólks sem vinnur alla daga við að umskapa og túlka samfélagið og búa þannig til fjölmiðlaveruleikann.

Viðhorf blaðamanna

Í maí var lögð fyrir starfandi blaðamenn könnun þar sem m.a. var spurt um þessi mál. Fór könnunin fram í gegnum tölvupóst. Spurningakannakerfið *Outcome* var notað þar sem spurningar voru sendar til flestra starfandi blaðamanna í Blaðamannafélagi Íslands og til skráðra fréttamanna á Ríkisútvarpinu. Alls bárust 195 svör en á félagaskrá B.Í. eru tæplega 640 manns og að viðbættum félögum í Félagi fréttamanna má reikna með að heildarþyði blaða- og fréttamanna á landinu sé rúmlega 700 manns. Nærri lætur því að svör hafi fengist frá tæpum þriðjungi þeirra sem á einhvern hátt titla sig sem blaðamenn, og öruggt að flestir þeir sem svörðu hafa blaðamennsku að meginstarfi.


Fjórar grundvallarspurningar, sem tengjast þessu máli, voru lagðar fyrir.

Spurning 1: Sú fyrsta snýst einfaldlega um það að kanna hvort íslenskir blaðamenn deila almennt þeim áhyggjum með Alþjóðasambandi blaðamanna að ástæða sé til fyrir blaðamenn að vera sérstaklega á verði í umfjöllun sinni um fjölmenningu almennt og þó sérstaklega innflytjendur. Því var spurt hversu sammála fólk væri þessari fullyrðingu: „Umfjöllun um fólk af erlendum uppruna á Íslandi er viðkvæm og blaðamenn þurfa að sýna meiri aðgæslu í slíkri umfjöllun en um önnur mál.“

Eins og fram kemur á Mynd II þá er yfirgnæfandi meirihluti blaðamanna ýmist mjög sammála eða frek-




Ég tel að Íslendingar standi frammi fyrir innflytjendavandamáli. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir almannaheill að draga það fram í fjölmiðlum og gera grein fyrir þeim hættum sem aukinn straumur innflytjenda felur í sér



Mynd III

Það ber ekki að tilgreina sem almennar upplýsingar hvort einstaklingur, sem er fréttá- eða umfjöllunarefni, er af erlendu bergi brotinn, nema uppruni hans skipti máli fyrir fréttina eða umfjöllunarefnið



Mynd IV

ar sammála þessari fullyrðingu, en líklegt er að meðvitund af þessu tagi stuðli að því að umfjöllunin sé í jafnvægi.

Spurning 2: Með annarri spurningunni var reynt að taka upplýsingarnar úr fyrstu spurningu einu skrefi lengra. Það er ljóst að blaðamenn telja ástæðu til að stíga varlega til jarðar þegar fjallað er um innflytjendamála, en hversu brýna og hversu mikið vandamál telja þeir umræðuna um innflytjendamála vera? Því var spurt hversu sammála fólk væri þessu: „Ég tel að Íslendingar standi frammi fyrir innflytjendavandamáli. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir al-

manniheill að draga það fram í fjölmiðlum og gera grein fyrir þeim hættum sem aukinn straumur innflytjenda felur í sér.“

Augljóst er á Mynd III að einungis lítið brot blaðamanna lítur á innflytjendur sem vandamál eða nærvera þeirra feli í sér hættur sem brýnt sé að fjalla um og upplýsa almenning um. Slíkur skilningur á málinu er ekki líklegur til að leiða til umfjöllunar eða fréttaflutnings undir neikvæðum formerkjum gagnvart erlendu fólki.

Spurning 3: Þriðja spurningin snerist um að kanna afstöðu íslenskra blaðamanna til þeirrar grundvallarsíðareglu, sem bæði Alþjóðasamband

blaðamanna leggur áherslu á í átaki sínu gegn mismunun og jafnframt er að finna í síðareglum fjölmargra blaðamannasamtaka í nágrannalöndum okkar. Spurt var hversu sammála fólk væri eftirfarandi fullyrðingu: „Það ber ekki að tilgreina, sem almennar upplýsingar, hvort einstaklingur sem er fréttá- eða umfjöllunarefni er af erlendu bergi brotinn, nema uppruni hans skipti máli fyrir fréttina eða umfjöllunina.“

Á Mynd IV má sjá að íslenskir blaðamenn eru að áberandi stærstum hluta sammála þessu sjónarmiði og einungis 13% eru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni. Fullyrða má að meðvitund um þessa síðareglu og sú afstaða sem þarna kemur fram sé líkleg til að auka jafnvægi í umfjöllun og koma í veg fyrir að neikvæðar staðalmyndir myndist vegna tengsla tiltekinna hópa t.d. við neikvæð mál. Þessi regla er raunar ekki formlega skráð í íslensku reglunum en hún felst í raun í þriðju greininni sem fjallar um tillitsemi og úrskurðir Síðanefndar eru í þeim anda.

Spurning 4: Fjórdi og síðasta spurningin kannar afstöðu íslenskra blaðamanna til hugmynda um að fá fólk af erlendum uppruna inn á ritstjórnir, til að tryggja meðvitund og umburðarlyndi gagnvart innflytjendum. Aðgerð af þessu tagi er einmitt í takt við það sem Alþjóðasamband blaðamanna nefnir sem dæmi um hagnýtar leiðir til að auka gæði og síðlega blaðamennsku. Því var spurt hversu sammála fólk væri eftirfarandi fullyrðingu: „Það er skynsamlegt að fá fleiri íslenska blaðamenn af erlendum uppruna til starfa inni á ritstjórnnum fjölmiðla til að tryggja jafnræðissjónarmið í umfjöllun.“

Eins og sjá má á Mynd V er umtalsverður meirihluti blaðamanna sammála þessari fullyrðingu, en vissulega er líka athyglisvert hversu margir, eða 26%, hafa ekki sterka skoðun á málinu. Einungis 15% eru alfarið á móti þessari hugmynd. Þetta virðist því benda til að íslenskir blaðamenn séu ekki einvörðungu almennt meðvitaðir í umfjöllun sinni um fólk af erlendum uppruna, heldur telja margir þeirra skynsamlegt að taka hagnýt skref til


að tryggja jafnræðissjónarmið á ritstjórnnum.

Góðar fréttir

Meginniðurstaðan er því sú að almenn viðhorf stéttarinnar séu líkleg til að stuðla að jafnvægi í umfjölluninni. Stéttin nálgast skrif um útlendinga varlega. Hún telur ekki að Íslendingar séu að glíma við brýnt útlendinga-„vandamál“, hún er sammála alþjóðlegum siðareglum og túlkun siðanefndar á 3. gr. íslensku reglnanna um hvenær skuli tala um að einstaklingar séu af erlendum uppruna og síðast en ekki síst telja menn skynsamlegt að grípa til aðgerða til að tryggja jafnræðissjónarmið.

Þegar þessi almennu sjónarmið eru skoðuð í samhengi við þann formlega regluramma og innra eftirlit sem er í störfum íslenskra blaðamanna, er freistandi að telja þetta fullnægjandi skýringu á því að almennt er meðalhóf í nálgun og umfjöllun íslenskra fjölmiðla um málefni útlendinga.

Bryningar og áminningar Alþjóðasambands blaðamanna um siðlega blaðamennsku gegn skorti á umburðarlyndi eiga því hugsanlega minna erindi við íslenska blaðamenn en koll-



Mynd V

ega þeirra víða annars staðar. Það er mikið gleðiefni og full ástæða er til að benda á það sem þessi stétt gerir vel – nægir eru þeir sem eru tilbúnir að hnýta í það sem hún gerir. Það þýðir hins vegar ekki að óþarfi sé að velja þessum málum fram og aftur í faglegri umræðu blaðamanna. Margt getur breyst á skömmum tíma og óvíst

hvernig blaðamenn muni bregðast við ef kringumstæður breytast í samfélaginu. Sérstök ástæða er til að vera á varðbergi í lögreglufréttum eða fréttum af því sem úrskeldis hefur farið. Þar er hættan mest á því að tilteknir hópar verði spyrtil við atburði og afbrot og þannig ýtt undir neikvæðar staðalmyndir.

Til varnar blaðamennsku

Tugþúsundir blaðamanna vítt um Evrópu eru nú byrjaðir að undirbúa samhæfðan baráttudag þann 5. nóvember næstkomandi, til þess að draga athygli að sívaxandi pólitískum þrýstingi á blaðamenn, minni gæðum í blaðamennsku og slakari vinnuskilyrðum. Baráttudagurinn er skipulagður af Evrópusambandi blaðamanna, EFJ.

„Það er kominn tími til að taka til varna fyrir blaðamennskuna,“ sagði Aidan White, framkvæmdastjóri EFJ, á landsþingi hjá þýskum blaðamönnum fyrir helgina og tilkynnti í leiðinni að forustumenn blaðamannafélaga víðs vegar í Evrópu væru að undirbúa sérstakan baráttudag þann 5. nóvember. Þetta verður í fyrsta sinn sem blaðamenn um alla Evrópu skipuleggja sameiginlega aðgerð sem tekur til álfunnar

allrar. „Blaðamenn eru orðnir langþreyttir og reiðir á því að geta ekki unnið vinnuna sína óréttitt fyrir pólitískum íhlutunum, varasömu vinnuumhverfi og yfiringilegri markaðsvæðingu sem er á góðri leið með að rífa hjartað úr gæðum blaðamennskunnar,“ sagði White ennfremur.

Blaðamannafélög og sambönd í næstum 40 Evrópuríkjum munu taka þátt í þessum mótmæla- eða baráttudegi sem mun m.a. einkennast af mótmælafundum og samhæfðum aðgerðum til að sporna gegn minnkandi tiltrú á hefðbundnum fjölmiðlum.

„Gæðin eru að minnka og fólk treystir því ekki lengur að fjölmiðlar verji almannahagsmuni. Við þurfum að endurheimta hinar siðlegu dyggðir faggreinar okkar og benda vinnuveit-

endum okkar á að niðurskurði á störfum og gæðaviðmiðum verði að linna og við verðum að benda stjórnvaldomönnum á að þegar þeir ógra siðaböðum blaðamennskunnar þá er það bein ógnun við lýðræðið,“ sagði White.

Dagsetning mótmælanna fellur á gamalgróinn hátíðis- og „flugeldadag“ í Bretlandi, en þá er þess minnst að aðför var gerð að þinginu fyrir 500 árum (Guy Fawks). Það voru bresku og írsku félögin sem lögðu þennan dag til og var strax fallist á hann. Þess má geta að í nóvember mun Blaðamannafélag Íslands fagna 110 ára afmæli sínu og stendur til að minnast þess. Líklegt er að þau hátíðahöld og þessi evrópski baráttudagur verði tengd saman.



Talsverð endurnýjun í forustunni á aðalfundi

Arna Schram var einróma endurkjörin formaður Bláðamannafélagsins á aðalfundi í húsakynnum félagsins í Síðumúla þann 30. apríl, en hún var ein í kjöri. Talsverðar breytingar urðu á stjórn félagsins og nokkrar á starfsnefndum einnig. Í stjórn félagsins sitja áfram 5 konur og 2 karlar.

Í stjórn félagsins átti að kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og voru þau Elva Björk Sverrisdóttir á Mbl. og Sigurður Már Jónsson endurkjörin í stjórnina. Hilmar Þór Guðmundsson sem var í stjórninni gaf ekki kost á sér og var Svavar Halldórsson á RÚV kjörinn í hans stað.

Fyrir í stjórn voru Svanborg Sigmarsdóttir á Fréttablaðinu, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir á Stöð 2, og Arndís Þorgeirsdóttir. Kynjahlutföllin í stjórninni breytast því ekki, þar sitja 5 konur og 2 karlar.

Í varastjórn var kosið um tvö sæti. Ingibjörg Bára Sveinsdóttir gaf ekki kost á sér og var Albert Örn Eypórsson á Bláðinu kosinn í hennar stað. Þá hefur Jóhannes Kr. Kristjánsson sagt af sér í varastjórn vegna anna og í hans stað var kjörin Sólveig Bergmann. Fyrir var í varastjórn Þorvaldur Örn Kristmundsson.

Í samningaráð eru formaður og

varaformaður félagsins sjálfkjörnir, en aðrir sem kjörnir voru í ráðið á fundinum voru: Hjálmar Jónsson, Mbl.; Svanborg Sigmarsdóttir, Fréttabl.; Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2; Þorvaldur Örn Kristmundsson, Mbl.; og Ásta Andrésdóttir, Birtingi.

Varamenn í samningaráð voru kjörin: Egill Ólafsson, Mbl.; Fríða Björnsdóttir; og Jakob Bjarnar Grétarsson, Fréttabl.

Í verðlaunanefnd Bláðamanna-verðlauna varð ein breyting þar sem Elín Albertsdóttir á Bláðinu gaf ekki kost á sér. Í hennar stað var Kristín Þorsteinsdóttir kjörin í nefndina. Nefnd-

Lög um Breiðavíkurmál ganga óþarflega langt

Félagsmenn Bláðamannafélags Íslands eru 637 þegar þetta er skrifað og hafa aldrei verið fleiri. Aðalfundur félagsins var haldinn hinn 30. apríl sl. Þar kom meðal annars fram í skýrslu undirritaðrar að umsvif skrifstofu Bí hafi aukist mjög á undanförunum árum í takt við fjölgun félagsmanna. Þrátt fyrir það hefur rekstrarkostnaði félagsins verið haldið í lágmarki. Félagið skilaði afgangi af öllum sjóðum sínum á síðasta starfsári. Tveir starfa, sem fyrr, á skrifstofu félagsins, bókarari og framkvæmdastjóri.

Í skýrslu undirritaðrar var farið yfir störf stjórnar á því starfsári sem var að líða. Meðal annars var farið yfir þær umsagnir sem stjórn Bí veitti á starfsárinu. Ein þeirra fjallaði um lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar um nefnd um Breiðavíkurmálið svonefnda.

Stjórnin mótmælti með öðrum orðum því að upplýsingalög skyldu ekki ná yfir störf eða gögn nefndar þeirrar sem skipa á til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn.

Stjórnin taldi að með því að láta ekki upplýsingalögin ná til umræddra laga væri verið að ganga lengra en þörf krefði til verndar einkalífs. Því miður var ekki tekið tillit til þessara athugasemda og frumvarpið samþykkt óbreytt í þinglok. Það þýðir að vandkvæðum verður bundið fyrir fjölmörg að fá upplýsingar um niðurstöður nefndarinnar. Það er sérstakt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, í ljósi þess að það voru fjölmörg sem drógu fram Breiðavíkurmálið í upphafi.

Mikil hreyfing er á félagsmönnum milli miðla, meiri hreyfing en oft áður, og nokkuð er um nýliðun. Það er fagn-

aðarefni. Á hinn bóginn hefur borið á því að félagsmenn, sérstaklega nýir, þekki ekki rétt sinn svo vel sé samkvæmt kjarasamningum og landslögum. Félagið hefur af þeim sökum reynt að efla trúnaðarmenn sína og hélt námskeið fyrir þá á síðasta ári. Í kjölfarið voru ýmis mál leiðrétt. Betur má ef duga skal og er þetta því eitt af þeim málum sem félagið verður að fylgja eftir á nýju starfsári.

Félagið fagnar 110 ára afmæli sínu á þessu ár og var samþykkt á aðalfundinum að halda veglega upp á það. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður Bí, er í forystu þess starfshóps sem mun sjá um undirbúninginn.

Arna Schram,
formaður Bláðamannafélags Íslands



Hjálmar Jónsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum og fjárhagstöðu félagsins sem er góð.



Haukur L. Hauksson og Geir A. Guðsteinsson, tveir gamlir í bransanum, stinga saman nefjum.

in er þá þannig skipuð: Birgir Guðmundsson, formaður, Lúðvík Geirsson, Jóhannes Tómasson, Sigríður Árnadóttir og Kristín Þorsteinsdóttir.

Ekki urðu aðrar breytingar á nefndum.

Aðalfundurinn var annars í rólegra lagi og hefðbundin aðalfundarstörf voru þar mest áberandi. Arna Schram fór yfir

helstu atriði í starfi félagsins frá síðasta aðalfundi og Hjálmar Jónsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhag og reikningum. Afkoma félagsins var góð og sýndi rekstrarniðurstaða um 4ra milljóna hagnað, staða einstakra sjóða í vörslu félagsins er einnig góð.

Nokkur umræða spannst um hugsanleg hátíðahöld vegna 110 ára af-

mælis félagsins í haust og upplýstu stjórnarmenn að forysta félagsins hefur þegar hugað að slíku og að hugmyndir hafi verið um að skipa undirbúningsnefnd um málið.

Að loknum hefðbundnum fundarstörfum var boðið upp á léttar veitingar og félagsmönnum gefið ráðrúm til að spjalla saman.



Arna Schram var einróma kjörin formaður félagsins á fundinum og hún gerði grein fyrir starfinu frá síðasta aðalfundi.



Rýnt í reikningana. Kristján Jónsson á Morgunblaðinu.



Embættismenn fundarins. Jóhannes Tómasson var fundarstjóri en Sigurður Már Jónsson var fundarritari.



Fylgst með framvindunni. Albert Örn Eypórsson af Blaðinu og Svavar Halldórsson á RÚV sem kom inn í stjórn félagsins á fundinum.
(Ljósmyndir: Sigurður Bogi Sævarsson)



Stjórnarmennirnir Svanborg Sigmarsdóttir (nær) og Elva Björk Sverrisdóttir fylgjast með á fundinum.



Hlustað af athygli. Gunnþóra Gunnarsdóttir (t.v.) og Fríða Björnsdóttir.

Freelanceblaðamennska er lífsstíll!



Eftir
Geir A. Guðsteinsson
freelanceblaðamann

senn að auka afköst í vinnu og skapa sjálfsga og aðhald sem þarf þegar enginn er til að fylgja því eftir að verkefni sé unnin tímanlega. Mörgum freelanceblaðamönnum þykir felast í því ákveðin gleði og spenna, að vinna fyrir marga viðskiptavini (útgefendur), ekki síst ef þeir eru á mismunandi sviðum.

Almennt voru ráðstefnugestir sammála um að freelanceblaðamenn væru viðkvæmari fyrir gagnrýni en fastráðnir blaðamenn. Fyrir því kynnu að vera ýmsar ástæður, m.a. að oft væru þeir að vinna undir meira álagi og væri stressaðri, þar sem þeir sem einyrkjar þyrftu að halda utan um svo marga þræði upplýsinga sjálfir. Mikil álag og það að geta ekki ráðfært sig við aðra, eykur hættuna á rangri ákvarðanatöku. Í ljósi þessa

gæti einhver spurt hvort þetta væri þá þess virði, en svarið er einfaldlega, já! Þetta er svo skemmtilegur lífsstíll.

Svona ráðstefna er nauðsynleg til skoðanaskipta og það er afar gagnlegt fyrir okkur – íslenska blaðamenn – að eiga samskipti við norræna kolllega okkar. Þessi skoðanaskipti og gagnsemi þeirra ræðst ekki síður af þeirri samveru sem á sér stað utan formlegs fundartíma, yfir kvöldverði eða öglasi. Nokkrar áhyggjuraddir heyrðust meðal félaga okkar vegna þess að á hinum Norðurlöndunum sækir ekki nógu margt ungt fólk í blaðamennsku. Er blaðamennska ekki nógu aðlaðandi? Of krefjandi? Ekki nógu vel greitt fyrir hana? Kannski allt þetta, og það er vissulega umhugsunarefni.

Fyrir flesta freelanceblaðamenn er starfið ákveðinn lífsstíll sem veitir þeim vinnugleði. Á ráðstefnu freelanceblaðamanna, sem haldin var á Norður-Jótlandi í Danmörku fyrir skömmu og hafði þemað „vinnugleði“, var mikið rætt um hvernig best væri að skapa vinnugleði sem gerði hvort tveggja í



Öll hópvinnu, smá og stór, gekk vel.



Ísland vann keppni eitt kvöldið í því að henda exi!

press.is vefur BÍ



Við bloggum

Blogg á Íslandi árið 2007 og tenging þess við hefðbundna fjölmiðlun

Grein eftir Hrafnhildi Reykjalín Vigfúsdóttur og Írisi Dröfn Hafberg, unnin úr BA-ritgerð í fjölmiðlafræði

Framlag bloggsins til þjóðfélagsumræðunnar hefur aukist mikið á síðustu misserum. Núna á allra síðustu árum hefur það breyst úr því að vera nánast einungis tjáningarmáti unglunga í að vera öflugur vettvangur skoðanaskipta fólksins í landinu og gildir þá einu við hvað fólk starfar. Það vilja allir vera með. Eins og með flest annað þá fylgja blogginu bæði kostir og gallar, því fyrir hvern þann sem hæðist að eða bendir á hugsanlegar talsýnir sem dregnar eru upp af netinu og blogginu, er annar sem heldur því fram að blogg virki eins og linsa, að það beini athygli að málum sem annars enginn fengi vitneskju um. Sjálf-sagt leynist sannleikur í hvorutveggja. Því er hins vegar ekki að neita að þróunin hefur verið ævintýrlega hröð og umfang bloggheimsins er orðið gríðarlegt.

Lítið hefur verið ritað um hinn íslenska bloggheim. Þrátt fyrir að blogg á Íslandi sé ekki ýkja gamalt, eru margir sem hafa tileinkað sér það með einum eða öðrum hætti. Á undanfórnum misserum hefur orðið gríðarleg aukning á því að hinir hefðbundnu fjölmiðlar vitni í þá umræðu sem á sér stað í bloggheimum. Í ritgerðinni var þessi heimur kortlagður og tengingin

við hina hefðbundnu fjölmiðlun skoðuð. Rætt var við forsvarsmenn fréttablogganna að Íslandi og meðal annars spurt um aðstæður þess að fréttatengd blogg voru sett á fót. Til þess að varpa ljósi á aðstæður þess að fólk bloggar, var rætt við nokkra bloggara. Bloggheimurinn á Íslandi var kortlagður með því að greina öll helstu bloggsvæðin sem í notkun eru á Íslandi. Helsta niðurstaða þessarar greiningar er sú að bloggheimurinn er tvískiptur. Annars vegar ræðir um hið hefðbundna blogg, þar sem fólk heldur eins konar dagbækur á netinu og lesendur þeirra eru flestir tengdir þeim. Hins vegar er um að ræða fréttatengt blogg þar sem fólk fjallar um atburði líðandi stundar og er lesið af bæði þeim sem tengjast þeim beint, sem og fólk sem er að leita eftir fréttaplutningi sem hlaðinn er skoðunum og/eða gjaldisdómum.

Upphafið

Það var ekki fyrr en árið 2001 sem bloggíð fór að ná almennri útbreiðslu meðal almennings. Eftir að leiðbeiningar um það hvernig fólk gæti eignast eigið blogg tóku að birtast á þar til gerðum bloggsvæðum varð gríðarleg

vakning meðal almennings víða um heim. Pólítískar bloggsíður, fréttasíður og almenn spjallsvæði risu upp eins og gorkúlur og hinn almenni borgari fór að skrifa fréttaskýringar fyrir þá sem vildu lesa þær. Mörkin á milli blaðamanna og bloggara fóru að verða óskýrari fyrir sumum, þar sem oft var erfitt að meta áreiðanleika bloggsins sem fólk var að lesa. Þannig skapaðist nokkuð nýtt vandamál í fjölmiðlaheiminum, óskýr mörk á milli starfandi fréttamanna sem sögðu í flestum tilvikum staðfestar og áreiðanlegar fréttir og bloggara sem gátu leyft sér að skrifa hvað sem er. Netheimurinn tók þessum breytingum þó fagnandi þar sem framboð og aukin samkeppni væri alltaf til góða. Með bloggsíðum gæti fólk valið og hafnað því sem það vildi lesa, nálgast ýmsar upplýsingar á auðveldari hátt og síðast en ekki síst, tekið opinberlega þátt í umræðunum og látið sína rödd heyrast (Alexander, 2007).

Áhrif bloggheimsins

Oft hafa heitar umræður skapast á blogginu og í nokkrum tilvikum hafa þær haft bein áhrif á framgang mála hér á landi. Þannig var að í mars 2007 átti að halda ráðstefnu á Hótel Sögu í Reykjavík. Ráðstefnugestirnir var fólk starfandi við klámiðnaðinn víða um heim, flestir frá Bandaríkjunum. Vegna afar heitra ummæla á bloggum landsmanna, rötuðu þær umræður í fréttir. Netsamfélagið lagði hart að ráðamönnum þjóðarinnar að gera ráðstafanir til þess að ráðstefnugestir fengju

Hugtakið *Vefblogg* kom fyrst fram árið 1997. Ekki eru allir sammála um uppruna orðsins en margir vilja eigna Jörn Barger heiðurinn af því. Stytting orðsins, og það sem flestir nota í dag, *blogg*, kom fyrst fram á heimasíðu Peters Merholz, sem hafði í gríni tekið orðið í sundur og sett á eina af færslum sínum, *We-Blog*, (þýð. við bloggum).

ekki að koma hingað til lands. Vegna þessa þrýstings tóku ýmsir ráðamenn þjóðarinnar þá afstöðu að fordæma komu ráðstefnugestanna. Í kjölfar þess, sem og mikillar umræðu á bloggum landsmanna og í fréttamiðlum, tók hótelið þá afstöðu að afturkalla bókun vegna gistingar ráðstefnugestanna. Þegar mbl.is birti frétt þann 24. febrúar 2007 þess efnis að ráðstefnunni hefði verið aflyst, voru alls 73 athugasemdir birtar við fréttina á tæpum sólarhring, eða frá kl. 14.00 til miðnættis. Af þeim voru 28 andvígir ákvörðun hótelsins og lýstu henni, oft með sterkum orðum. Þrjár konur voru meðal þeirra sem andmæltu ákvörðun hótelsins.

Tvískiptur heimur

Niðurstöður höfunda leiddu fyrst og fremst í ljós þann mikla mun sem finna má á hinum hefðbundnu bloggsvæðum og fréttabloggunum. Þar eru mjög ólíkir hópar að blogga um ólík málefni. Þegar fréttablogg mbl.is og visir.is voru athuguð kom í ljós að karlar eru í meirihluta eða 58% þeirra sem blogga á báðum miðlum samanlögðum, auk þess sem meðalaldur bloggara er mun hærrí en á hefðbundnu bloggunum. Flestir eru 30 ára eða eldri, alls 87%. Umfjöllunarefni fréttablogganna er einnig allt annað en hefðbundnu blogganna þar sem 60% fjalla um málefni er tengjast samfélaginu og 30% eru um almennar þælingar.

Það sem einnig einkennir bloggið er fjölbreytnin, fólk á öllum aldri með ýmis konar áhugasvið bloggara og kemur þannig skoðunum sínum á framfæri og tekst á við málefni, án ritskoðunar. Rannsókn höfunda á bloggsvæðunum sem notuð eru á Íslandi gefur nokkuð ákveðna mynd af því hvernig þessi veruleiki er. Þar sem ekki var hægt að fá upplýsingar um stærð allra bloggsvæðanna, var höfundum ekki mögulegt að reikna út niðurstöður sínar samanborið við umfang hvers bloggsvæðis. Því þurftu þeir að draga eigin ályktanir í samræmi við þær athugasemdir og rannsóknir sem gerðar voru fyrir þessa ritgerð. Ein þeirra ályktana er sú að hægt sé að fullyrða með nokkurri vissu að



Hrafnhildur Reykjalin Vigfúsdóttir og Íris Dröfn Hafberg, höfundar greinarinnar.


flestir bloggara á Íslandi séu konur sem eru undir tvítugu. Þessi fullyrðing byggir á þeirri staðreynd að flestir þeir sem blogga hjá blog.central.is eru í ofangreindum flokki, en það er langstærsta bloggsvæðið sem í notkun er á Íslandi. Einnig má bæta við þá fullyrðingu að ein af hverri 5 bloggsíðum sem stofnaðar eru á því svæði, séu óvirkar eða yfirgefnar. Þessi niðurstaða helst í hendur við þær upplýsingar sem einn bloggaranna, Andrea Sif Hilmarsdóttir (15 ára), gaf höfundum, en hún hafði sjálf stofnað fjórar bloggsíður og yfirgefið þær allar. Auk þess styðja erlendar rannsóknir þessar fullyrðingar (Henning, 2004). Þegar öllum bloggsvæðunum er gefið jafnt vægi, eins og gert var í þessari rannsókn, kemur í ljós að 68% allra bloggara eru konur og að 79% bloggara eru undir þrítugu. Stærsta hugðarefni bloggara snýr að þeirra einkahögum og almennum þælingum um daginn og veginn en 97% blogga sneru að þeim málaflokki.

Viðtöl við aðila sem vinna við tengingu fréttamiðla og bloggsvæða, leiddu í ljós að almenningur hefur mikinn áhuga á annars konar fréttumfjöllum, sem birtast þá í formi skoðana

einstakra bloggara. Eins hafa sömu aðilar enga trú á því að bloggin munu yfirtaka hina hefðbundnu fjölmiðlun, heldur sé bloggið frekar hrein viðbót sem svari kalli lesandans um fjölbreyttari fréttumfjöllum. Viðtöl höfunda við bloggara staðfesta einnig þann mikla vilja almennings að tjá sig um málefni er tengjast íslensku samfélagi og því er greinilegt að bloggið svalar ákveðinni þörf fyrir að koma sínum skoðunum á framfæri.

Er bloggið bóla?

Fréttablogg eru að verða aðalfréttaveita pólitískra fréttastækkandi hóps einstaklinga hér á landi. Bloggarar og talsmenn þeirra vilja meina að blogg og mismunandi túlkun ólíks hóps fólks bjóði fólki 21. aldarinnar upp á eitt-hvað öðruvísi og hugsanlega einstakt. Góð blogg séu fulltrúar nýs forms fjölmiðlunar þar sem allt er opið. Slæm blogg hins vegar eru tákngevingar fjölmiðlunar sem snýst um smámuni og fræga fólk, með möguleikann á að búa til og viðhalda umburðarleysi byggt á persónulegum blekkingum, orðrómi og dylgjum (MacDougall, 2005). Ekki má þó líta framhjá þeirri



eru farnar að nýta sér blogg almennings til þess að auka gagnvirkni síðna sinna. Þannig er hinn almenni borgari, sem sest endrum og eins, eða oft á dag, og skrifar niður hugleiðingar sínar, orðinn hluti af og virkur þátttakandi í alheimsvæðingu sem öll á sér stað í gegnum netið.

Þrátt fyrir skoðanir margra að „*bloggið sé bóla*“, þykir höfundum sú staðhæfing standa á veikum grunni. Blogg á Íslandi hófst fyrst um aldamótin og hefur vaxið stöðugt, ár frá ári, í sjö ár. Mjög stór hluti íslensks samfélags tengist blogginu að einhverju leyti, hvort sem einstaklingar eru sjálfir að blogga eða lesa blogg annarra, þá hafa allflestir skoðanir á því. Einnig er vart hægt að fletta hefðbundnum dagblöðum án þess að rekast á fréttadálka sem vitna til umræðunnar sem er hverju sinni inni í blogg-samfélaginu, eða að tekin séu út einstök blogg einstakra aðila. Sú spurning sem eftir stendur að mati höfunda er einungis varðandi það **hvert bloggið leiðir okkur en ekki hvort það tekur enda.**

staðreynd að langflest blogga á Íslandi eru skrifuð af ungu fólki sem bloggar um einkamál sín og lætur því þjóðfélagsumræðuna sig litlu skipta.

Þrátt fyrir þá vinsælu staðhæfingu að allir séu að blogga, er ólíklegt að blogg eigi eftir að taka sæti hinnar hefðbundnu fjölmiðlunar. Í stað þess er mun líklegra að blogg, a.m.k. hluti þess, haldi áfram þeirri þróun að vinna samhliða henni og auka vægi annars konar fréttu við hlið þeirra hefðbundnu. Sífellt fjölbreyttari flóra vel skrifaðra og spennandi blogga sem hafa mikið til málanna að leggja, hvort sem það er innan afmarkaðra áhugasviða eða þjóðmálanna í heild, eru góð viðbót við þá fréttamiðla sem nú þegar eru starfandi. Því verðum við að vona íslenskir bloggarar haldi dampi á áhuganum einum saman, því það getur verið ansi tímafrekt að halda úti metnaðarfullu bloggi.

Þróun netmarkaðarins snýst í dag að miklu leyti um bloggið. Stærstu leit- arvélur heims á netinu, líkt og Google,

– **Bloggheimurinn á Íslandi er tvískiptur. Annars vegar er um að ræða almennt blogg (hefðbundið), sem einkennist af ungum aldri bloggara þar sem konur eru í miklum meirihluta, og hins vegar fjölmiðlablogg þar sem karlar eru í meirihluta og aldurinn er mun hærri.**

– **Bloggheimurinn einkennist af mikilli fjölbreytni, þar sem ólíkir aldurshópar eru að blogga, en flestir bloggaranna eru þó konur undir tvítugu.**

– **Áhugasvið og viðfangsefni bloggara eru mjög ólík og margvísleg.**

– **Ætla má að verulegur hluti, eða um 20% síðnanna sem stofnaðar hafa verið, sé óvirkur og að þetta hlutfall sé ekki ósvipað því sem þekktist erlendis.**

– **Á Íslandi er augljóslega mikill áhugi á fréttatengdu bloggi. Þróun þess er hröð og virðast margir kjósa að lesa skoðanir og gildisdóma annarra og/eða tjá sig sjálfir.**

Heimildir

- Aðalsteinn Davíðsson (2007, 20. mars), málfarsráðunautur RÚV. *Um ágæti orðsins: blogg*. Kennslustund í Ljósvakamiðlun, Háskólanum á Akureyri.
- Alexander, S. (2007). Computers and Information Systems. *Encyclopædia Britannica*, 2007, 250318. Sótt 4. apríl 2007, frá <http://www.search.eb.com/eb/article-250318>
- Árni Matthíasson (2007, 5. apríl), blaðamaður og verkstjóri á netdeild Morgunblaðsins. *Blogg og tenging þess við hefðbundna fjölmiðlun*. Viðtal tekið í heimahúsi á Akureyri.
- Árni Matthíasson (2007, 23. febrúar). *Kjöt með götum*. Sótt 27. febrúar 2007, frá <http://arnim.blog.is/blog/arnim/>
- Bonus, S., Herring, S. C., Scheidt, L. A., og Wright, E. (2005). Weblogs as a bridging genre. *Information Technology & People*, 18, 142-171. Sótt 17. febrúar 2007, frá gagnasafninu Proquest.
- Daði Ingólfsson (2007, 12. mars). Hvað er blogg og hvaðan er það upprunnið? *Visindavefurinn*, 2007, 3225. Sótt 26. febrúar 2007, frá <http://visindavefur.hi.is/?id=3225>
- Dennis, M. A. (2007). From geeks to mainstream. *Encyclopædia Britannica*, 2007, 253347. Sótt 26. febrúar 2007, frá <http://www.search.eb.com/eb/article-253347>
- Dennis, M. A. (2007). *Media convergence and podcasting*. *Encyclopædia Britannica*, 2007, 253350. Sótt 26. febrúar 2007, frá <http://www.search.eb.com/eb/article-253350>
- Fréttablaðið (2007, 8. mars). Frú Kolbeins klagar Smáralind fyrir klám. *Visir.is*. Sótt 21. mars 2007, frá <http://www.visir.is/article/20070308/LIFID01/103080111>
- Google.com (2007). *Blogger Data API Overview*. Sótt 15. mars 2007, frá <http://code.google.com/apis/blogger/overview.html>
- Grímur Kjartansson (2007, 8. mars). *Skrifaði Satan Baugsbréfið?* Sótt 15. mars 2007 frá <http://sigmarg.blog.is/blog/sigmarg/entry/141477/#comments>
- Hadda Hreiðarsdóttir (2007, 4. apríl), vefstjóri á visir.is. *Blogg og tenging þess við hefðbundna fjölmiðlun*. Viðtal tekið í gegnum síma.
- Henning, J. (2004). *The Blogging Iceberg – Of 4.12 Million Hosted Weblogs, Most Little Seen, Quickly Abandoned*. Perseus WebSurveyor. Sótt 15. febrúar 2007, frá <http://www.perseusdevelopment.com/blogsurvey/thebloggingiceberg.html>
- Kristinn Jón Arnarson (2007). Bloggið verður sífellt mikilvægara. *Tölvuheimur*, 2007, 242684. Sótt 21. mars 2007, frá http://www.heimur.is/heimur/timarit/tolvuheimur/pistlar/detail2_pistlar/?catid=37614&ew_0_a_id=242684
- McDougall, R. (2005). Identity, Electronic Ethos, and Blogs: A Technologic Analysis of Symbolic Exchange on the New News Medium. *The American Behavioral Scientist*, 49, 575-600. Sótt 7. apríl 2007, frá gagnasafninu Proquest.
- Modernus (e.d.). Sótt 19. apríl 2007 frá <http://teljari.is/?c=webpage&id=2&lid=6&option=linkstop>
- Ónafngreindir (2007, 8. mars). *Skrifaði Satan Baugsbréfið?* Sótt 15. mars 2007 frá <http://sigmarg.blog.is/blog/sigmarg/entry/141477/#comments>
- Ónafngreind(ur) (2007, 8. febrúar). Stelpur stofna trúsnóblogg. *Fréttablaðið*, bls 48.
- Salvör Gissuraradóttir (2005, 2. maí). Gegnir fjölbreyttu hlutverki. *Morgunblaðið*, 1015448. Sótt 27. febrúar 2007, frá http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1015448
- Sifry, D. (2007). *The State of the Live Web, April 2007*. Technorati.com. Sótt 6. apríl 2007, frá <http://www.technorati.com/weblog/>
- Sigmar Guðmundsson (2007, 8. mars). *Skrifaði Satan Baugsbréfið?* Sótt 15. mars 2007 frá <http://sigmarg.blog.is/blog/sigmarg/entry/141477/#comments>
- Silja Björk Huldudóttir (2007, 24. febrúar). Boðuð klámkaupstefna mátti vikja fyrir almenningsálitinu. *Morgunblaðið*, 1131162. Sótt 27. febrúar 2007, frá http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1131162
- Stengel, R. (2006/2007, 25. desember/1. janúar). Now it's your turn. *TIME Magazine*, 4.
- Steingrímur Sævarr Ólafsson (2007, 29. mars). *NÝTT – Dorrit slösuð í Bandaríkjunum*. Sótt 18. apríl 2007 frá <http://www.blogg.visir.is/denni>
- Stewart, A. (2003). Blogs Mix Up the Media. *Britannica Book of the Year, 2003*, 9389625. Sótt 26. febrúar 2007, frá <http://www.search.eb.com/eb/article-9389625>
- Stígur Þórhallsson (2007, 4. apríl), vefstjóri. *Íslensk bloggsvæði*. Viðtal tekið í gegnum tölvupóst.
- Styrmir Gunnarsson (2007, 17. apríl). Blogg og Nafnleynd. *Morgunblaðið*, bls 22.
- Svavar Knútur Kristinsson (2005, 2. maí). Gegnir fjölbreyttu hlutverki. *Morgunblaðið*, 1015448. Sótt 27. febrúar 2007, frá http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1015448
- Pröstur Helgason (2006, 21. janúar). Miðillinn er málið. *Morgunblaðið*, 1062085. Sótt 27. febrúar 2007, frá http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1062085





Fréttablaðið og DV ekki brotleg

Mál nr. 5/2006-2007

*Kærandi: Vilborg Halldís Ísaksdóttir.
Kæru: Fréttablaðið og DV.*

Kæruefni:

Kærandi er föðursystir Lilju Bjarkar Alfreðsdóttur, sem lést vegna ofneyslu fíkniefna hinn 5. desember 2006. Kæran er dagsett í Osló 19. janúar 2007. Aðspurð segir Vilborg að kæran sé lögð fram með vitund og vilja foreldra Lilju Bjarkar. Kærandi kærir annars vegar Fréttablaðið fyrir umfjöllun um andlátíð í blaðinu 9. desember 2006, en hins vegar DV fyrir að hafa falast eftir viðtali við foreldra Lilju Bjarkar hinn 11. desember 2006 um dóttur sína og andlát hennar. Kærandi telur hvoru tveggja varða við 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Málsmeðferð:

Eins og fyrr segir er málið kært með bréfi til siðanefndar dagsettu 19. janúar 2007. Bréfinu fylgir ljósrit af umfjöllun Fréttablaðsins frá 9. desember 2006. Andmæli Jóhönnu S. Sigþórsdóttur, blaðamanns á Fréttablaðinu, bárust siðanefnd hinn 26. febrúar 2007 og andmæli Karenar D. Kjartansdóttur, blaðamanns á DV, hinn 10. mars 2007. Siðanefnd fjallaði um kærana á fundum sínum 29. janúar, 19. febrúar 2007 og 12. mars 2007.

Málavextir:

Í kærnu segir m.a.: „Þann 5. desember síðastliðinn lést ung frænka mín, Lilja

Björk Alfreðsdóttir, vegna ofneyslu fíkniefna. Hún lést á gististað fyrir austan fjall, og var fjallað um andlát hennar í Morgunblaðinu og í Fréttablaðinu. Ég get sætt mig við að íslenskir fjölmiðlar sýni máli þessu athygli. Atburðir sem þessi eiga sér sem betur fer ekki oft stað á Íslandi. Ég get hins vegar ekki sætt mig við meðferð fjölmiðlanna á þessu á máli. Það á sérstaklega við um umfjöllun Fréttablaðsins um þetta mál 9. desember. Ég tel umfjöllun blaðsins brot á 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands.“

Kærandi fjallar nánar um hvað hann telur ámælisvert í fréttaflutningi Fréttablaðsins og segir: „Fréttin er efst á forsiðu blaðsins undir fyrirsögninni „Ung kona lést vegna ofneyslu fíkniefna“. Í fréttinni vitnar blaðamaður í krufningarskýrslu, 4 dögum eftir andlát stúlunnar, án þess að kanna hvort aðstandendur hafi fengið niðurstöður skýrslunnar. Svo var ekki í þessu tilfelli. Það er auðvitað ekki á ábyrgð blaðamanna að opinberir starfsmenn leki upplýsingum úr krufningarskýrslum í fjölmiðla áður en aðstandendur látins fólks hafa fengið þær. En það hlýtur að vera siðferðisleg skylda blaðamanna að kanna hvort aðstandendur hafi fengið sömu upplýsingar svo stuttu eftir andlátíð.“

Síðar í kærnunni segir: „Í sömu frétt stendur orðrétt: „Var ljóst að sjö til átta klukkustundir höfðu liðið frá því að hún lést því á hana voru komnir líkblettir.“ Upplýsingar sem þessar eiga ekkert erindi í fjölmiðla og eru til þess eins fallnar að særa aðstandendur“.

Kærandi segir síðan frá því að Karen D. Kjartansdóttir frá DV hafi hinn 11. desember 2006 falast eftir viðtali við foreldra Lilju Bjarkar um dóttur þeirra og ótímabært andlát hennar, sem þau hafi afþakkað. „Þetta er smekklaus og miskunnarlaus blaðamennska sem á ekki að eiga sér stað í þjóðfélagi sem kallar sig siðmenntað. Þetta er að mínu mati einnig brot á 3. gr. siðareglanna,“ segir í kærnunni.

Í andmælum Jóhönnu S. Sigþórsdóttur segir að það hafi hvorki verið ætlan né ásetningur blaðamanns að særa aðstandendur ungu konunnar sem lést með svo svíplegum hætti. Umfjöllun þessi hafi komið í kjölfar fleiri fréttu um ótímabær dauðsföll fólks, oft ungs, af völdum fíkniefna. Tilgangur fréttarinnar hafi verið að „koma þeim skilaboðum til ungmenna sem væru að hugleiða að prófa eiturlyf, ef til vill í fyrsta sinn, að afleiðingarnar gætu orðið hræðilegar, eins og dæmin sönnuðu.“ Ranglega sé fullrytt í kærnu að í fréttinni sé vísað til krufningarskýrslu, „enda sér þess hvergi stað í fréttinni, heldur var einungis greint frá upplýsingum frá lögreglu, svo sem venja er í efnisöflun sem þessari. Það hefði verið langsótt að hafa samband við aðstandendur til að grennslast fyrir um krufningarskýrslu sem hvergi kom við sögu og var hvergi nefnd á nafn. Það er torskilið hvers vegna kærandi kærir blaðamann Fréttablaðsins fyrir að hafa ekki haft samband við aðstandendur en kærir svo annan blaðamann ... fyrir að hafa samband við aðstandendur,

að því er ráða má af kærubréfinu.“ Segir í andmælum Jóhönnu að hin kærða frétt hafi greint frá hörmulegum atburði, sem vonandi gæti orðið einhverjum víti til varnaðar, en jafnframt hafi verið varast á allan hátt að persónugera atburðinn sem lýst var.

Í andmælum Karenar D. Kjartansdóttur kemur fram að hún hafi haft samband við foreldra Lilju Bjarkar við eðlilega fréttadóflun um dauða ungrar stúlku sem látist hafi eftir að hafa fengið hjartastopp eftir eiturlyfjaneyslu. Aðstandendur hafi ekki viljað tjá sig um málið og hafi sú afstaða þeirra verið virt. Ekki hafi verið ásetn-

ingur um að særa nokkra mann-
eskju.

Umfjöllun:

Umfjöllun um harmleik eins og þann sem lýst er í Fréttablaðinu 9. desember 2006 er ávallt vandmeðfarin. Slík umfjöllun hefur að sjálfsögðu fréttagildi og gæti einnig haft varnaráhrif. Taka má undir með kæranda að umfjöllun Fréttablaðsins um „líkbletti“ í þessu sambandi hafi verið óþörf. Hins vegar fær siðanefnd ekki séð að umfjöllunin í heild sinni hafi verið óeðlileg eða stangist á við 3. gr.

siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Sama á við um viðtalsbeiðni DV við foreldra hinnar látnu stúlku af sama tilefni.

Úrskurður:

Fréttablaðið og DV teljast ekki hafa brotið gegn 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

*Kristinn Hallgrímsson,
Brynhildur Ólafsdóttir,
Hjörtur Gíslason,
Salvör Nordal,
Sigurveig Jónsdóttir*

Alvarlegt brot há Ríkisútvarpinu ohf.

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 1/2007-2008

Kærandi: Jónína Bjartmarz

Kærð: Ríkisútvarpið ohf., fréttamennirnir Helgi Seljan, Sigmar Guðmundsson og Jóhanna Vilhjálmisdóttir, og fréttastofa Sjónvarps.

Kæruefni:

Kærð er umfjöllun Ríkisútvarpsins Sjónvarps um veitingu ríkisborgaréttar til sambýliskonu sonar kæranda. Nánar tiltekið snýr kærán að umfjöllun Kastljóss um málið 26. apríl, fréttamaður Helgi Seljan, og fréttar í Sjónvarpinu sama dag, og umfjöllun Kastljóss dagana 27. apríl, fréttamaður Helgi Seljan, og 30. apríl, fréttamaður Sigmar Guðmundsson, og 2. maí

2007, fréttamaður Jóhanna Vilhjálmisdóttir. Kærandi telur umfjöllun þessa varða við 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Málsmeðferð:

Málið var kært til siðanefndar með bréfi dags. 11. maí 2007. Kærandi sendi siðanefnd jafnframt útskrift Fjölmíðlavaktarinnar af kærðri umfjöllun, DVD disk með umfjöllun Kastljóss, opið bréf Jónínu Bjartmarz í Morgunblaðinu 3. maí, bréf Jónínu Bjartmarz til Páls Magnússonar útvarpsstjóra, dags. 9. maí, yfirlýsingu Þórhalls Gunnarssonar ritstjóra Kastljóss sem birtist í Morgunblaðinu 4. maí, fréttatilkynningu frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 3. maí 2007, ásamt útskrift af vefsíðu ráðuneytisins, yfirlit yfir veitingu ríkisborgaréttar á 130.-133. löggjafarþingum, afrit

af tölvupósti frá deildarstjóra fastanefnda Alþingis um veitingu ríkisborgaréttar á 133. löggjafarþingi, umsókn Luciu Celesti Molina Sierra um íslenskan ríkisborgarétt, ásamt fylgiskjölum, og ýmis fleiri gögn. Andmæli Ríkisútvarpsins bárust siðanefnd 5. júní. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 21. maí og 7. og 15. júní 2007.

Málavextir:

Hinn 16. mars 2007 voru samþykkt á Alþingi lög um veitingu ríkisborgaréttar og með þeim öðluðust 18 einstaklingar íslenskan ríkisborgarétt, en umsókn þar um hafði borist frá 23 erlendum ríkisborgurum. Fjallað var um þessa veitingu í Kastljósi 26. apríl og þá sérstaklega einn umsækjandann, sambýliskonu sonar kæranda, sem þá var umhverfisráðherra. Næstu



daga var haldið áfram að fjalla um málið í Kastljósi.

Kærandi telur að umfjöllun Ríkisútvarpsins um málið í Kastljósi fari gegn 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Kveðst kærandi hafa gert „... alvarlegar athugasemdir við málalíbúnað Kastljóss ...“ í opnu bréfi í Morgunblaðinu hinn 3. maí, auk þess sem þess hafi verið freistað „... að leiðrétta staðreyndavillur í umfjölluninni,“ eins og segir í kærinni. Þessu opna bréfi svaraði Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, daginn eftir í sama blaði þar sem hann sagði Kastljós standa við umfjöllun sína um málið. Kærandi sendi þá útvarpsstjóra bréf, dags. 9. maí, þar sem þess var krafist að „... umfjöllunin í Kastljósi yrði leiðrétta, dregnar yrðu fram réttar staðreyndir málsins og beðist yrði afsökunar á umfjölluninni,“ eins og segir í kærinni. Kærandi kveðst engin viðbrögð hafa fengið frá Ríkisútvarpinu.

Kærandi telur að öll umfjöllunin væri hagsmunir hennar sérstaklega, „enda verði að telja að umfjöllun um L hafi í reynd ekki tengst L sérstaklega heldur eingöngu lotið að tengslum við kæranda. Í því sambandi skal m.a. bent á að fyrir birtingu þáttarins var ekki leitað álits eða umsagnar L, heldur eingöngu leitað eftir viðbrögðum kæranda.“

Kærandi segir rangar fullyrðingar og meiðandi ummæli hafa verið í umfjölluninni 26. apríl og segir að telja verði að hún hafi haft það markmið fyrst og fremst að vanvirða sig og valda sér hneisu og álitshnekki. Beri þá sérstaklega að hafa í huga stöðu kæranda í aðdraganda alþingiskosninganna 12. maí 2007. „Ljóst er að fréttamaður vanrækti skyldu sína til upplýsingaöflunar auk þess sem telja verður að úrvinnsla og framsetning hafi ekki haft það að markmiði að sýna fyllstu tillitssemi, en telja verður að umfjöllunarefnið hafi verið vandásamt, hvort tveggja vegna stöðu kæranda sem alþingismanns, ráðherra og framboðanda til Alþingis og einnig þar sem fjallað var um persónuleg málefni þriðja aðila, L, einstaklings sem eingöngu tengdist kæranda fjölskylduböndum.“

Kærandi tilgreinir ýmis atriði þar sem rangt hafi verið farið með staðreyndir í umfjölluninni, bæði 26. apríl og síðar, og þar sem orðalag hafi verið misvísandi.

Í greinargerð kærðu til siðanefndar er þess krafist að því verði hafnað að kærðu hafi brotið gegn siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Þar segir m.a.: „Að mati kærðu getur ekki annað falist í kærinni en að siðanefndin fjalli um málið í heild og leggi á það mat enda skal siðanefndin samkvæmt 4. mgr. 6. gr. siðareglanna kanna heildarumfjöllun um mál í fjölmiðli. Af þeim sökum verði einstakar setningar ekki slitnar út úr umfjölluninni og þau ummæli skoðuð úr samhengi, líkt og sjálfstætt stæðu. Vega og meta verði tilgreind ummæli út frá heildinni.“

Í greinargerðinni er einstökum liðum í kærinni mótmælt. Hvað varðar ónákvæmni í fyrsta Kastljóssþættinum um málið segir m.a.: „Kærðu benda á að ekki sé hægt að saka þau um óvönduð vinnubrögð, þar sem fréttin og umfjöllunin var studd eins traustum heimildum og gögnum og hægt var að fá, sem bæði kærandi og nefndarmenn [allsherjarnefndar] neituðu að tjá sig um í fyrstu. Það var síðan ekki fyrir en umfjöllunin hafði farið af stað að kærandi bað um viðtal og síðar, að formaður allsherjarnefndar kom í viðtal og skýrði stöðu nefndarinnar. Þá komu fram í dagsljósið upplýsingar sem fram að þeim tíma höfðu ekki verið aðgengilegar.“

Umfjöllun:

Siðanefnd telur að það sé sjálfsgöð skylda fjölmiðla að veita stjórnvöldum aðhald og taka upp mál sem bent geta til þess að misfarið sé með vald. Fréttagildi þess máls sem hér er til umfjöllunar er því ótvírætt og hefði kærandi mátt gera sér ljóst að afgreiðsla þessa máls gæti vakið upp spurningar og að fjallað yrði um það í fjölmiðlum.

Samkvæmt greinargerð kærðu var það einkum þrennt sem vakti athygli við afgreiðslu á umræddri umsókn um ríkisborgararétt. Í fyrsta lagi hve

hraða afgreiðslu málið hefði fengið, en 10 dagar liðu frá því að umsókn var lögð fram þar til Alþingi veitti umsækjandanum íslenskan ríkisborgarétt ásamt 17 öðrum umsækjendum. Í öðru lagi var, samkvæmt heimildum fréttamannsins, ástæða umsækjanda fyrir undanþágu frá skilyrðum laga ekki talin eiga sér sambærilegt for-dæmi. Í þriðja lagi tengdist umsækjandi þáverandi umhverfisráðherra. Þessi atriði öll komu til skoðunar í umfjöllun fréttamanna Sjónvarpsins um málið.

Umfjöllun um þetta mál var að ýmsu leyti vandasöm, ekki síst vegna tímasetningarinnar, enda aðeins líðlega tvær vikur til alþingiskosninga. Auk þess var verið að fjalla um persónuleg málefni einstaklings sem var að nýta lögvarinn rétt sinn til að sækja um ríkisborgarétt. Mátti fréttamönnum vera sérstaklega ljóst mikilvægi þess að ekki væri farið með rangar eða misvísandi upplýsingar um málið.

Af fyrsta þætti þessarar umfjöllunar, 26. apríl, má greinilega sjá að ekki hefur verið aflað nægilegra upplýsinga til gefa rétta mynd af málinu. Fréttamaðurinn virðist ekki hafa kynnt sér hvernig með umsóknir um ríkisfang sé farið. Meginreglan er sú að dómsmálaráðherra hefur heimild að lögum til að veita íslenskan ríkisborgararétt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Uppfyllti umsækjandi ekki öll skilyrðin, getur hann sent umsókn sína til allsherjarnefndar sem afgreiðir slíkar umsóknir tvisvar á ári. Hvorki var gerður greinarmunur á þessum tveimur ólíku leiðum né aflað upplýsinga um það hversu seint umsóknir geti borist.

Upplýsingar um fjölda umsækjenda voru rangar á þessu stigi og auk þess var blandað saman umsóknum sem lagðar voru fram á haustþingi og vorþingi. Umfjöllunin gaf því til kynna að fleiri umsóknum hefði verið hafnað en raunin var.

Þá var orðalag mjög misvísandi varðandi umfjöllun Útlendingastofnunar um málið. Sagt var að hún hefði eindregið lagst gegn því að umræddur einstaklingur fengi ríkisborgarétt, þegar umsóknin fékk sömu afgreiðslu og aðrar umsóknir þar sem ekki voru

uppfyllt öll þau skilyrði sem sett voru fyrir því að dómsmálaráðherra geti veitt ríkisborgararétt.

Í umfjölluninni kom fram að fá eru nokkur dæmi væru til um að fólk sem ekki hefði dvalið nema stuttan tíma á landinu fengi ríkisborgararétt. Fyrir því eru þó mörg fordæmi, samkvæmt upplýsingum sem síðar komu fram. Ekkert í gögnum málsins bendir til að kærandi hafi reynt að hafa áhrif á afgreiðslu allsherjarnefndar á umræddri umsókn.

Siðanefnd telur að þegar þessi atriði eru metin í heild hafi umfjöllunin verið röng og misvísandi og til þess

fallin að gera kæranda tortryggilegan. Þetta á einkum við um upphaf umfjöllunarinnar, í pistli Helga Seljan 26. apríl. Rangfærslurnar voru leiðréttar smám saman en lituðu engu að síður alla umfjöllunina. Fréttamaður lét undir höfuð leggjast að afla grundvallarupplýsinga í viðkvæmu máli. Þau vinnubrögð brjóta í bága við 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands, en þar segir svo: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitsemi í vandasömum málum. Hann forðast allt sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á

um sárt að binda, óparfa sársauka eða vanvirðu.“

Úrskurður:

Ríkisútvarpið og Helgi Seljan teljast hafa brotið 3. grein siðareglna. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík, 15. júní 2007,

Kristinn Hallgrímsson,
Hjörtur Gíslason,
Jóhannes Tómasson,
Salvör Nordal,
Sigurveig Jónsdóttir

Mannréttinda- dómstóll dæmir tjáningarfrelsi í hag

Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg úrskurðaði í júní að Frakkland hefði brotið tjáningarfrelsi á tveimur blaðamönnum sem höfðu verið sektaðir vegna bókar sem þeir skrifuðu og fjallaði m.a. um ólöglegar hleranir forsetaembættisins. Jerome Dupuis og Jean-Marie Pontaut voru að mati dómsins með ósanngjörnum hætti fundnir sekir um að hafa notað upplýsingar sem opinber leynd hvíldi á í bók sinni „Eyru forsetans“.

Það var þó ekki úr þessari bók sem Frakkar fengu fyrst að heyra um þessar aðgerðir forsetaembættisins. Snemma á tíunda áratugnum höfðu fjölmiðlar birt lista yfir um 2.000 manns sem nýsnað hafði verið um, þar á meðal voru opinberar persónur, blaðamenn og lögmenn. Á þeim tíma var einn af starfsmönnum Mitterands, þáverandi forseta, tek-

inn til rannsóknar vegna málsins og síðan dæmdur í skil-orðsbundið fangelsi.

Blaðamönnum tveimur var gert af frönskum rétti að

greiða sekt og miskabætur upp á rúmar 8.000 evrur. Franski dómstóllinn úrskurðaði einnig að óheimilt væri að dreifa bókinni, en henni var samt dreift og ekkert eintak gert upptækt.

Í niðurstöðu

Mannréttindadómstólsins segir m.a. að „inngrip í tjáningarfrelsið geti verið hættuleg vegna þeirra „kælingaráhrifa“ sem slík inngrip geti haft á það hvort fólk nýtir sér þetta frelsi.“ Þessi rök dómstólsins hafa áður komið fram og eru meðal þeirra mikilvægustu fyrir blaðamenn í störfum sínum. Það er því styrkur fyrir blaðamenn að fá þessa túlkun staðfesta með enn einu dómafordæminu.



Hús Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg.



Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Bláðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur eru í gildi í ársbyrjun 2006:

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 400 þúsund kr. í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 10 þúsund kr. á ári að 18 þúsund kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sjúkraþjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 35 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Frá ársbyrjun 2006 nemur styrkfjárhæð 350 þúsund kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjógvanir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjógvanna samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 50 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 50 þús. kr. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir tíu skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

Heilsuhæli:

Greiddur er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innanlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 50 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á sjónglerjum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 40 þúsund á 36 mánaða fresti.

Göngumæling/Innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 15 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei oðrið hærrí en 125 þúsund kr.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 18 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofsjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Bláðamannafélagsins, www.press.is